

MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐUNEYTI

Borgarholtsskóli

Ytra mat vorið 2023

GRUNNGILDI
BORGARHOLTSSKÓLA

JAFNRÉTTI

SJÁLFSAGI

NÁUNGAKÆRLEIKUR

SKÖPUN

FRAMSÆKNI

JAFNRÉTTI
Jafn réttur og jafn tækifæri eina- ataklinga og hópa eru leiðarljósa skólans og virt í öllu daglegu starfi og ákvörðunum. Allir njóta jafnréttis.

SJÁLFSAGI
Með því að beina hugsunum og gerum skaplega í allt að litteknur merknið náum við árangri.

SKÖPUN
Áttak mannsins, huganir hans og geðir eru markur áskapani mátt sem nýta má til uppbyggingar og framfara.

NÁUNGAKÆRLEIKUR
Við berum umhyggju hvert fyrir öðru og sýnum hvern öðru gagnkvæma virðingu í öllum demskapitum í Borgarholtsskóla. Komum við fram við alla einn og við viljum að þeir komi fram við okkur.

FRAMSÆKNI
Með framsæknum huga og athöfnum notum við framtíðina en bláum ekki eftir henni.

Borgarholtsskóli

Agi – Virðing – Væntingar

Unnið fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti

Margrét Friðriksdóttir og Unnar Örn Þorsteinsson

Ytra mat á starfsemi Borgarholtsskóla vorið 2023
Skýrsla unnin fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti

Margrét Friðriksdóttir
Unnar Örn Þorsteinsson
Ljósmyndir í skýrsluna tók Unnar Örn Þorsteinsson
ISBN 978-9979-0-2857-4

Heildarniðurstöður

Borgarholtsskóli (BHS) er áfangaskóli sem tók til starfa árið 1996. Skólinn starfar eftir einkunnarorðum sem eru agi-virðing-væntingar en grunnildi skólans sem eru jafnrétti, sköpun, sjálfsagi, framsækni og náungakærleikur hafa tekið yfir einkunnarorðin og eru mjög sýnileg í skólanum. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám á fjórum sviðum; bóknám, listnám, iðn- og starfsnám og undirbúnings- og sérnám. Skólanámskrá er birt á vef skólans og nemendafjöldi við upphaf haustannar 2022 var 1207 en nemendur hafa ekki verið færri við upphaf haustannar um árabíl en flestir voru þeir haustið 2020 eða 1326. Flestir nemenda skólans koma úr Grafarvogi og Mosfellsbæ en nemendur koma einnig víða að af landinu. Á vorönn 2022 eru 65% nemenda á aldrinum 16-19 ára og karlar eru í meirihluta eða 71,4% nemenda, konur 28% og annað 0,6%. Meðaltal innritaðra nýnema síðustu fimm ár eru 233 nýnemar á ári en síðustu tvö ár hafa verið töluvert undir meðaltali. Fjölmennustu brautir skólans eru bóknámsbrautir og bíltækni brautir og karlar eru í meirihluta á öllum brautum nema á félagsvirkni- og uppeldissviði. Brotthvarf nema úr námi var 4,4% á haustönn 2022 en undangengin ár hefur brotthvarf legið á bilinu 4,5%-6,6%. Á árunum 2018-2022 hafa flestir útskrifast úr bóknámi til stúdentsprófs eða 361 en af einstökum brautum hafa flestir brautskráðs úr bifvélavirkjun eða 232. Á tímabilinu hafa 104 nemar lokið viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Við upphaf haustannar 2022 var starfsfólk skólans 147 og kynjahlutfallið eru 77 konur og 70 karlar. 102 kennarar starfa við BHS og háskólapróf hafa 75 og 24 meistaraprófi í iðngrein. Án kennsluréttinda eru þrír. Um 33% kennara hefur styttri starfsaldur en 10 ár en 40% kennara hefur lengri starfsaldur en 20 ár. Starfsmannavelta var 10% á árinu 2022.

Stefna og markmið BHS eru sett fram í Stefnuskrá sem birt er í skólanámskrá og á vef skólans. Markmið, aðgerðir og mælikvarða er einnig að finna í stefnumiðaðri áætlun BHS sem sett er til þriggja ára í senn. Þá setur skólinn árlega fjölbreytt markmið og eru þau birt í umbótaáætlun ársins. Skólinn hefur sett sér loftslagsstefnu með aðgerðaráætlun einnig umhverfisstefnu og hefur BHS lokið einu skrefi í verkefninu „Græn skref í ríkisrekstri“. Skólinn gerir samgöngusamninga viðstarfsfólk og á tvo rafbíla. Jafnrétti er eitt af grunnildum skólans og BHS hefur sett sér jafnréttisstefnu með aðgerðabundinni jafnréttisáætlun. Jafnréttisdagur er árlega og skólinn hefur sett stefnu gegn einelti, áreitni og öðru ofbeldi (EKKO). Jafnlaunakerfið var vottað árið 2020. Starfsmannastefna liggur fyrir og persónuverndarstefna. Einnig skjalastefna með notkun á GoPro skjalakerfinu og upplýsingaöryggisstefna auk ýmissa reglna um rafrænt öryggi. BHS er heilsueflandi framhaldsskóli og árleg heilsuvika er á haustönn en nemendur hafa alls níu sinnu unnið Lífshlaupið og skólinn er handhafi Gulleplisins. Innra mat skólans tekur mið af gæðastefnu, gæðamarkmiðum og gæðahandbók í samræmi við kröfur staðalsins ISO9001-2018 en hefur ekki verið vottað. Lengi hefur verið unnið að innra mati í skólanum undir stjórn gæðastjóra og sjálfsmatsteymis. Áfangakannanir og starfsmannaviðtöl eru í gangi á hverri önn. Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og nemenda eru reglubundnar og árlega er gefin út sjálfsmatsskýrsla.

Við stjórnun BHS er lögð áhersla á lýðræðislega stjórnunarhætti þar sem kappkostað er að starfsfólk og nemendur njóti styrkrar forystu, hvatningar og stuðnings. Árlega er haldinn lýðræðisfundur nemenda. Í sjálfsmatsferli skólans kom fram að 71% starfsmanna telja skólameistara gegna skýru faglegu leiðtogahlutverki og að 76% að stjórnendur legðu áherslu á að skapa traust milli sín og starfsfólks. Í Stofnun ársins er heildarniðurstaða um stjórnun 3,71 af 5 sem er undir meðaltali ríkisstofnana. Í viðtölum við

starfsfólk kom fram ánægja með stjórnendur skólans, traust væri borið til starfsfólks, aðgengi að stjórnendum væri gott og jákvæð breyting hefði orðið á stjórnun skólans á síðustu tveimur árum. Þá er stjórn nemendafélags ánægð með samskipti við skólameistara og stjórnendur. Stjórnendateymið fundar einu sinni í viku um innri málefni skólans, samvinna þeirra gengur mjög vel og þeim líður vel í starfi. Vikulega er sent út fréttabréf Boðberinn og einu sinni í mánuði fréttabréf til foreldra.

Hjá nemendum BHS kom fram að kennsluhættir væru nokkuð fjölbreyttir en það fari eftir námsgreinum og kennsluhættir í verknámi væru skemmtilegri en í bóknámi. Nemendahópurinn væri fjölbreyttur og að „allir eigi sína rödd“. Kennsluáætlanir eru samræmdar og greinargóðar og notast er við INNU kennslukerfið. Námsval er fjölbreytt og námsmat er verkefnamiðað símat með þremur Vörðum á önn. Stoðþjónusta skólans er öflug og í námsverinu geta nemendur fengið aðstoð. Samskipti nemenda og kennara eru góð en 87% nýnema segja að kennarar í skólanum séu almennt sanngjarnir og jákvæðir og 79% eldri nema. Erlent samstarf er fastur liður í skólasterfinu og skólinn er Erasmus vottaður Þá hefur skólinn sett sér stefnu um erlend samskipti og ráðið sérstakan verkefnastjóra erlendra samskipta í 50% starfshlutfall. Samskipti við atvinnulífið eru mikil og í Stefnumskrá BHS er kafli um ábyrga samfélagsþátttöku.

Í máli stjórnenda BHS kom fram að skólabragurinn einkenndist af jákvæðu og hlýu viðmóti, væntumþykju og virðingu og fjölbreyttu námsframboði. Áhersla er á að Borgarholtsskóli sé einn skóli þrátt fyrir ólík svið innan hans. Mikil fjölbreytni er í nemendahópnum „hér er pláss fyrir alla“ og áhersla á nýsköpun. Hjá starfsfólki kom fram að skólabragurinn og líðan innan skólans væri góð, umburðarlyndi ríkjandi, léttleiki meðal starfsfólks, orðræðan jákvæð og góður vinnustaður. Hjá nemendum kom fram að BHS væri skemmtilegur, þægilegur og góður skóli. Í viðhorfskönnun meðal nemenda á haustönn 2022 töldu 13% nemenda að þeim líði ekki mjög vel og 2% að þeim líði illa. Félagslíf í BHS er öflugt og margt í gangi en nefna má nýnemadaga og nýnemaferð, búningadagar, bílabíó, glæsiball, skóhlífadaga, Gettu betur, Morfís og söngkeppni framhaldsskólanna. Leiktu betur og leiksýningar á vegum leikfélags, hinsegin dagar og framhaldsskólaleikar með FG og FB. Þátttaka er misjöfn á viðburði að sögn stjórnar NFBHS enda skólinn fjölbreyttur. Þau sögðu aðstöðuna fína og skólinn styddi 100% við félagslífið. Þá væri samstarf við stjórnendur skólans, félagslífsfulltrúa og umsjónarmann gott.

Skólanefnd BHS var skipuð við upphaf árs 2022 og heldur að jafnaði 4-5 fundi á skólaári um helstu málefni skólans að sögn formanns. Það kom fram að skólanámskrá hefur ekki verið til umræðu í nefndinni í heild sinni. Þróun í húsnæðismálum í verk- og listnámi hefði ítrekað verið rædd enda væri það brýn mál. Nemendahópurinn væri fjölbreyttur og vel væri haldið utanum nemendur, andinn í skólanum væri góður og skólinn snyrtilegur. Upplýsingagjöf frá stjórnendum væri góð og samstarf við skólameistara og stjórnendur væri farsælt og gott.

Starfsemi BHS fer fram í 10.040 fm húsnæði við Mosaveg í Grafarvogi, Reykjavík. Skólinn er með bóknámshús, málmskála og bílaskála en ípróttir eru kenndar í Egilshöll. Skólinn er bjartur, snyrtilegur og rúmgóður með stórum matsal. Nemendafélag er með góða aðstöðu og bókasafn er vel búið. Viðhald fasteigna er gott en nemendur kvörtuðu undan tréhúsgögnum á göngum og í alrýmum. Þröngt er um kennslu í list- og iðnnámi og tækjabúnaður í iðngreinum að mestu 25 ára gamall og stenst ekki tæknibreytingar og kröfur atvinnulífs. Væntingar eru innan skólans um þriðja verknámshúsið.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	2
Efnisyfirlit.....	4
Inngangur	6
Borgarholtsskóli	8
Nemendur og nám.....	9
Starfsfólk.....	15
Viðmið og vísbendingar	16
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	16
1.1. Um stefnu og áætlanir	16
1.2. Um stjórnendur	17
1.3. Um skipulag, verklagsreglur	17
1.4. Um innra mat	18
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	19
2.1. Um nám og kennslu.....	19
2.2. Um kennsluaðstæður / stuðning við nemendur	20
2.3. Um námsmat.....	20
2.4. Um kennara.....	21
2.5. Um námsgögn	21
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	22
3.1. Um skólabrag.....	22
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	22
3.3. Um félagslíf nemenda.....	23
3.4. Um samskipti við foreldra / forráðamenn	23
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	23
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	24
Þáttur 5: Lykilárangur	25
5.1. Um námsárangur.....	25
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	25
5.3. Um langtímaárangur.....	26

Viðaukar – Greinargerð matsmanna	27
Umfjöllun um stjórnun og skipulag	27
Umfjöllun um kennslu og námsframboð	44
Umfjöllun um samskipti og líðan	50
Umfjöllun um húsnaði og aðbúnað	59
Umfjöllun um lykilárangur	64
Heimildir og tilvísanir.....	67
Listi yfir töflur	5
Tafla 1. Fjöldi nemenda haust og vor 2018 – 2022	9
Tafla 2. Hvaðan koma nemendur(póstnúmer haust2021 og vor 2022)	9
Tafla 3. Fjöldi nemenda á haustönn 2021 og vorönn 2022 eftir aldri og kynjum	10
Tafla 4. Þróun í innritun nýnema frá 2018-2022	10
Tafla 5. Skipting nemenda á námssvið 2018-2021 greind eftir kynjum	11
Tafla 6. Viðveruskráning nemenda haustið 2021 og vorið 2022	11
Tafla 7. Brotthvarf nemenda vor og haust 2018 til 2022	12
Tafla 8. Brautskráningar eftir námsbrautum vor og haust og alls 2018-2022.....	12
Tafla 9. Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum að hausti 2022	13
Tafla 10. Menntun kennara haustið 2022	14
Tafla 11. Starfsaldur kennara haustið 2022.....	14
Tafla 12. Upplýsingar um starfsmannaveltu 2018-2022	15
Tafla 13. Fjöldi stundakennara 2021-2022	15
Tafla 14. Forfallakennsla 2021-2022.....	15
Listi yfir myndir	5
Mynd 1. Grunnveldi Borgarholtsskóla	28
Mynd 2. Merki Borgarholtsskóla	28
Mynd 3. Skipurit Borgarholtsskóla	34
Mynd 4. Gæðakerfi Borgarholtsskóla	40
Mynd 5. Frægðarhúdd í bílahúsi	55
Mynd 6. Grunnmynd af Borgarholtsskóla	59
Mynd 7. Klefi fyrir bílamálun	60
Mynd 8. Vörumóttaka vegna verknáms	60
Mynd 9. Kennslustofa á listasviði	60
Mynd 10. Þrep með grunnveldi BHS	61
Mynd 11. Aðstaða nemenda í alrými	61

Inngangur

Þessi skýrsla um ytra mat á starfsemi Borgarholtsskólans er unnin í samræmi við reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti. Menntamálastofnun sér um framkvæmd ytra mats fyrir ráðuneytið og réð Margréti Friðriksdóttur og Unnar Örn Þorsteinsson til að vinna matið. Þau eru höfundar þessarar skýrslu og hófu vinnu við hana í desember 2022.

Skýrsluhöfundar heimsóttu Borgarholtsskóla í mars 2023. Tilgangurinn með heimsókninni var að meta og upplifa skólabrag og starfsemi skólans í samfylgd stjórnenda, kennara, nemenda og starfsfólks skólans.

Í fyrsta hluta skýrslunnar koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi Borgarholtsskóla. Í öðrum hluta er fjallað um mat skólans á eigin starfsemi (S) sem og mat skýrsluhöfunda (M) á sömu þáttum. Þriðji hluti skýrslunnar eru viðaukar þar sem er að finna rökstuðning skýrsluhöfunda við spurningum í matslistum. Fjórdi hluti skýrslunnar tekur fyrir þau gögn og þær heimildir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar ytra mati á Borgarholtsskóla.

Síðan árið 1996 hafa framhaldsskólar unnið að innra mati (sjálfsmati) á starfsemi sinni í samræmi við framhaldsskólalög. Í lögunum frá árinu 1996 var menntamálaráðuneytinu ætlað að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla en með lögunum frá árinu 2008 voru eftirlitsskyldur ráðuneytisins auknar þannig að þær ná nú til allra þátta í skólalaginu framhaldsskóla. Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum skal framhaldsskóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Virkt mat skal samfið annarri starfsemi skóla. Það skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Tryggja skal virka þátttöku starfsfólks, foreldra, nemenda og skólaráðs í innra mati, eftir því sem við á og matið skal byggja á fjölbreyttum gögnum.

Í janúar árið 2023 sendi Menntamálastofnun Borgarholtsskóla bréf um fyrirhugað ytra mat þar sem honum var falið að skipuleggja eigið mat með hliðsjón af því. Eigið mat skólans byggir, meðal annars, á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og barnamálaráðuneyti hefur sett. Eftirtaldir þættir eru til viðmiðunar:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverjum þætti er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða:

- (A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár.
- (B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.
- (C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta.
- (D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar.

Skýrsluhöfundar meta starfsemi skólans út frá sömu þáttum og sú útkoma birtist einnig í niðurstöðum matsins til að styðja við áreiðanleika þess.

Helstu gögn sem skýrsluhöfundar nýttu við ytra matið voru:

1. Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsaðila. Hér má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, fyrirkomulag starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, viðveru nemenda, brotthvarf frá námi, forfallakennslu, samninga og skýrslur.
2. Vefsvæði skólans (<https://www.bhs.is>). Á vefsvæði skólans voru sótt ýmis gögn er varða stefnu skólans, skipulag og starf.
3. Vettvangsheimsókn í Borgarholtsskóla, umræður í rýnihópum og samtöl við stjórnendur. Valið var í rýnihópa nemenda og starfsfólks með stýrðu slembivali. Borgarholtsskóli sá um að boða viðmælendur til funda. Rætt var við stjórnendur (skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra), náms- og starfsráðgjafa, formann skólanefndar, stjórn foreldraráðs, rýnihóp kennara, rýnihóp sviðsstjóra, brautarstjóra og fagstjóra bóknáms og listnáms, rýnihóp sviðsstjóra, deildarstjóra og fagstjóra iðn- og starfsnáms og undirbúnings- og sérnáms, rýnihóp starfsfólks, rýnihóp sjálfsmatsteymis og gæðastjóra, tvo rýnihópa nemenda, stjórn nemendafélagsins ásamt umsjónarmanni félagslífs og forvarnarfulltrúa. Viðmælendur voru alls 56.

Á þessum grundvelli fór fram greining gagna. Skýrsluhöfundar/matsaðilar gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir mati þeirra má sjá í þriðja hluta þessarar skýrslu.

Skýrsluhöfundar/matsaðilar vilja þakka öllum sem þátt tóku í ytra mati á Borgarholtsskóla fyrir þeirra þátttöku. Þátttakendur í rýnihópum og viðtölum veittu ýmsar upplýsingar um helstu gögn sem ytra matið byggir á.

Borgarholtsskóli

Bygging Borgarholtsskóla hófst árið 1995 eftir samning ríkis Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar. Regluleg starfsemi skólans hófst haustið 1996 en þá voru fyrstu þrír áfangar skólahússins tilbúnir til notkunar. Skólinn hefur því náð 25 ára aldri og gott betur. Fjórða áfanga var lokið í árslok 1999 og var húsið þá fullbyggt. Borgarholtsskóla er ætlað að hýsa um 1000 nemendur í starfs- og bóknámi. Strax í upphafi hófst kennsla í fornámi og á bóknámsbrautum til stúdentsprófs og iðnnámi á sviði málm- og bíliðna. Starfsemi sérnámsbrautar hófst einnig á fyrsta starfsári. Samstarf atvinnulífs og skólans var með nýstárlegum hætti því Fræðslumiðstöð bílgreina stýrði námi í bílgreinum og rak auk þess eftirmenntun í bílgreinum í skólanum samkvæmt sérstökum samningi þar um til ársloka 1998 en þá yfirtók skólinn alla kennslu í bíliðnum. Meðal nýjunga var auk þess fjölmenntabraut sem ætluð var nemendum sem voru óráðnir um námsbraut sína og starfsnámsbrautir á sviði verslunar og félagsþjónustu.

Stöðugur vöxtur og þróunarstarf hafa einkennt starf skólans. Innan skólans hefur verið unnið frumkvöðlastarf á ýmsum sviðum. Meðal þess er almenn námsbraut, félagsþjónustubraut og námsbraut í margmiðlunarhönnun. Skólinn býður fram nám fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í skólum og kennsla í stóriðjuskóla álversins í Straumsvík var á sínum tíma að hluta til undir forsjá Borgarholtsskóla. Auk þess sækja grunnskólanemar úr nokkrum skólum í Reykjavík og úr Mosfellsbæ valgreinar á framhaldsskólastigi í málmíðngreinum. Stefna Borgarholtsskóla frá upphafi hefur verið að stuðla að bókmennt, handmennt og siðmennt nemenda sinna.

Einkunnarorð skólans eru:

Agi Virðing Væntingar

Kennslufyrirkomulag við Borgarholtsskóla tekur mið af þörfum nemenda og samfélags hverju sinni. Í mörg ár var rekinn kvöldskóli og síðdegisnám í skólanum en sú starfsemi hefur nú verið sett í dreifnámsform.

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur og framsækinn skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi og einstaklingsmiðað nám á sérnámsbraut. Skólinn hefur einsett sér að vera leiðandi menntastofnun á þeim námssviðum sem boðið er upp á. Í náinni samvinnu við atvinnulífið og háskólastigið hefur skólinn reynt að tryggja nemendum sínum hnökralausa leið til vinnu eða áframhaldandi náms.

Borgarholtsskóli hefur á árunum 2020-2023 þurft að glíma við heimsfaraldur Covid-19 eins og aðrir framhaldsskólar og þjóðin öll með tilheyrandi sóttvarnarreglum og lokun skólans. Reynt var að halda skólastarfi sem eðlilegustu og á það jafnt við um þá sem sem kenndu og lærðu í gegnum fjarfundarbúnað eða nemendur og starfsfólk sem lentu í sóttkví og gátu ekki mætt í skólahúsnæðið þegar það var opið. Mikið mæddi á starfsfólki sem sá um ræstingu og þurftu að sótthreinsa skólann og búnað hans jafnvel oft á dag. Allir lögðu sig fram um að láta þetta ganga og í starfsmannahópnum heyrðist „Við gerum bara það sem við þurftum til að láta þetta ganga.“

Nemendur og nám

Eins og fram kemur á vef skólans þá þjónar Borgarholtsskóli breiðum hópi nemenda og býður upp á fjölbreytt námsval. Leiðarljós í skólastarfinu og samskiptum í skólanum eru agi, virðing, væntingar og lögð er áhersla á jákvætt og hlýtt viðmót gagnvart nemendum. Framtíðarsýn skólans er skýr og skólinn er trúr upphaflegum markmiðum sínum og býður fjölbreytt nám í hæsta gæðaflokki fyrir breiðan hóp nemenda og notar til þess viðurkennd gæðaviðmið. Borgarholtsskóli er í tengslum við nærsamfélagið, aðliggjandi skólastig og atvinnulífið og sinnir með þeim hætti breytilegum þörfum margra. Umhverfisvitund og vitund um mikilvægi sjálfbærrar þróunar er sterk meðal starfsmanna og nemenda skólans sem hefur státað af græn fána Landsverndar. Jafnrétti er í hávegum haft og skólinn hefur hlotið gullepli í heilsuefningarverkefni Landlæknisembættis. Borgarholtsskóli fylgist grannt með tækninýjungum með það að markmiði að skila vel menntuðu fólki út í atvinnulíf og framhaldsnám. Nýsköpun er í hávegum höfð og unnið er að því að auka vægi hennar á brautum skólans. Jafnframt er lögð áhersla á skólaþróun og fagmennsku kennara. Skólinn er þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum. Leitast er við að styrkja góðan starfsanda svo að skólinn verði hér eftir sem hingað til eftirsóttur vinnustaður.

Fjöldi nemenda

Eins og fram kemur í töflu eitt eru nemendur í dagskóla flestir haustið 2020 eða 1117, en fæstir á vorönn 2022 eða 928. Hér munar alls 189 nemendum. Auk þess kemur fram að nemendur í dagskóla á vorönn eru jafnan færri en á haustönn. Munurinn er minnstur árin 2018 og 2022 eða 20 nemendur og mestur árið 2020 eða 128 nemendur. Tafla eitt ber það með sér að aðsókn að skólanum er nokkuð jöfn frá árinu 2018 til ársins 2022. Samtals eru 1207 nemendur skráðir í skólann haustið 2022 og þeir sækja nám á 28 námslínunum. Þá kemur fram að milli 40 og 50 nemendur úr fangelsum stunda nám á hverjum tíma í mismörgum áföngum.

Tafla 1. Fjöldi nemenda vor og haust 2018–2022 í dagskóla og dreifnámi

	2018		2019		2020		2021		2022	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
Dagskóli	1011	1031	966	1086	989	1117	998	1055	928	948
Dreifnám	232	207	232	234	215	209	210	226	262	259
Samtals	1243	1238	1198	1320	1204	1326	1208	1281	1190	1207

Nemendur í Borgarholtsskóla koma víða af landinu eða úr nærri 80 póstnúmerum. Mismunur á nemendafjölda birtum í töflu tvö og heildarnemendafjölda eru þeir nemendur sem koma víða af landinu. Í töflu tvö eru aðeins birt þau póstnúmer sem flestir nemendur koma úr en flestir koma úr Grafarvogi og Mosfellsbæ. Þá koma nemendur einnig töluvert úr Árbæjarhverfi, Breiðholtshverfi, Kópavogi og Hafnarfirði.

Tafla 2. Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – haust 2021 og vor 2022).

Póstnúmer	Fjöldi haust 2021	Fjöldi vor 2022
-----------	-------------------	-----------------

	Dagskóli	Dagskóli
112	240	263
270	140	133
113	107	120
110	77	89
109	53	51
111	46	46
200	46	46
220	45	39

Tafla þrjú sýnir að af þeim 1052 nemendum sem voru við nám í Borgarholtsskóla á haustönn 2021 voru 755 karlar 292 konur og 5 skilgreindir sem annað. Á haustönn 2021 eru 62% nemenda skólans á aldrinum 16-19 ára en á vorönn 2022 eru það 65%. Þá er áberandi hve stór hópur nemenda er fæddur árið 2000 eða fyrr eða 19% nemenda. Vera má að það skýrist af hærri meðalaldri þeirra sem sækja iðnnám. Karlar eru alltaf í meirihluta öll fæðingarárin. Á haustönn 2021 eru karlar 71,5% nemenda, konur 28% og annað 0,5%. Á vorönn eru karlar 71,4% nemenda, konur 28% og annað 0,6%.

Tafla 3. Fjöldi nemenda á haustönn 2021 og vorönn 2022 eftir aldri og kyni (Dagskóli)

Haustönn 2021				Vorönn 2022			
Fæðingarár:	Karlar	Konur	Annað	Fæðingarár	Karlar	Konur	Annað
2005	132	62	2	2005	128	57	2
2004	153	76	1	2004	141	60	1
2003	152	70	1	2003	136	62	1
2002	92	37	1	2002	81	31	1
2001	65	13	0	2001	50	8	0
2000 og eldri	161	34	0	2000 og eldri	110	37	0
Samtals	755	292	5		646	255	5

Tafla fjögur sýnir þróun í innritun nýnema í dagskóla að hausti frá árinu 2018 til ársins 2022. Öll árin eru fleiri karlar í hópi nýnema. Heildarfjöldi nýnema var mestur árið 2020 eða 276 en minnstur árið 2021 eða 200. Meðaltal innritaðra nýnema síðustu fimm ár er 233 en síðustu tvö ár hafa verið töluvert undir meðaltalinu.

Tafla 4. Þróun í innritun nýnema í dagskóla frá 2018 til 2022 eftir kyni.

Ár	Karlar	Konur	Annað
2018	170	62	3
2019	175	74	2
2020	190	84	2
2021	133	65	2
2022	140	67	0

Tafla fimm sýnir fjölda nemenda á námsbraut/sviðum eftir kyni frá árinu 2018 til ársins 2022. Mestur fjöldi nemenda á tímabilinu sækir nám á bóknámsbrautum eða 1831 en namar eru næst fjölmennastir á bíltæknibraut eða 1412. Karlar eru fleiri en konur á öllum brautum/sviðum nema félagsvirkni- og uppeldissviði.

Tafla 5. Skipting nemenda í dagskóla á námssvið á haustönn 2018-2022- greind eftir kyni.

Námsbrautir	2018			2019			2020			2021			2022		
	kk	kvk	Annað	kk	kvk	Annað	kk	kvk	Annað	kk	kvk	Annað	kk	kvk	Annað
Málmur	68	4	0	98	0	0	81	2	0	97	6	0	66	3	0
Bílar	205	40	0	219	42	0	252	44	0	270	40	0	259	41	0
Félagsv.- og upp.	10	29	0	10	32	0	7	20	0	10	30	0	6	23	0
Bóknám	273	129	0	259	131	0	272	128	0	219	120	0	194	106	0
Listnám	91	63	3	88	79	3	93	65	2	81	64	4	79	58	4
Undirbúnings nám	55	19	2	62	27	2	74	26	1	59	18	0	58	18	0
Sérnámsbr	28	9	0	26	9	0	20	11	0	19	15	2	22	10	0

Í töflu sex er viðvera að hausti 2021, þar sem mæting er 73,3% en á vorönn 2022 er mæting 65,4%. Óútskýrð fjarvera er 10,2% haustið 2021 og 18% vorið 2022. Athygli vekur að fjarvera frá námi á vorönn 2022 er nokkur að loknu Covid-tímabili.

Tafla 6. Viðveruskráning nemenda haustið 2021 og vorið 2022 (sem hlutfall af heildartímafjölda).

	Haustið 2021	Vorið 2022
Mæting	73,3%	65,4%
Veikindi	9,4%	7,3%
Of seint	1,3%	1,3%
Leyfi	0,3%	0,4%
Óútskýrð fjarvera F	10,2%	18,0%

Í töflu sjö kemur fram brotthvarf nemenda vor og haust á árunum 2018-2022. Mest er brotthvarfið á vorönn 2022 eða 8,7% og á haustönn 2021 6,9%. Minnst er brotthvarf nemenda á vorönn 2021 eða 2,5%. Meðaltalsbrotthvarf er minnst 4,5% árið 2020 og mest 6,6% árið 2022. Taka þarf tillit til og skoða sérstaklega það brotthvarf sem varð á árunum 2020 og 2021 á Covid tíma þegar kennsluhættir breyttust og náður nemendur ekki allir að fóta sig þó skólinn legði mikið af mörkum til að koma til móts við nemendur.

Tafla 7. Brotthvarf nemenda vor og haust árin 2018-2022*.

Ár	Vor %			Haust %			Meðaltal
	Upphaf	Lok	%	Upphaf	Lok	%	
2018	1321	1249	5,5%	1302	1228	5,7%	5,6%
2019	1262	1204	4,6%	1380	1306	5,4%	5,0%
2020	1264	1203	4,8%	1369	1311	4,2%	4,5%
2021	1259	1227	2,5%	1401	1305	6,9%	4,7%
2022	1294	1181	8,7%	1267	1211	4,4%	6,6%

*Virkir nemendur í dagsk. í upphafi annar (eftir þrjár vikur) mínus þeir sem eru virkir í lok annar (síðasta kennslud.).

Tafla átta sýnir fjölda brautskráðra vor og haust 2018 til 2022 á hverri námsbraut og alls. Þar kemur fram að flestir nemendur eru brautskráðir úr bifvélavirkjun eða 232 og næst flestir af félags- og hugvísindabraut eða 144. Ef bóknámsbrautir til stúdentsprófs eru teknar saman þá hafa flestir útskrifast með stúdentspróf eða 361 auk þeirra sem taka stúdentspróf sem viðbótarnám. Árið 2018 eru brautskráðir nemendur 278, árið 2019 311, árið 2020 357, árið 2021 365 og árið 2022 306. Alls hafa brautskráðst 1617 nemendur frá Borgarholtsskóla frá árinu 2018. Áhugavert er að sjá að 104 nemar hafa á tímabilinu lokið viðbótarnámi til stúdentsprófs eða 43 eftir iðnnám og 61 eftir listnám. Meðal námstími er ekki áætlaður þar sem námstími eftir brautum er misjafn og framboð á námi mikið og fjölbreytt.

Tafla 8. Fjöldi brautskráðra vor og haust 2018–2022 á hverri námsbraut og alls (dagsk. og dreifn.)

Námsbraut	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H	2022 V	2022 H	Samtals
Bífreiðasmíði		5	6	12	4	10	4	14	3	13	71
Bifvélavirkjun	22	17	23	9	26	26	20	28	26	35	232
Bílamálun	4	5	8	11	13	8	13	15	10	12	99
Blikksmíði	2		6	1	7	1	6	3	6		32
Félags- og hugvísbr	23	9	16	16	25	14	17	5	11	8	144
Félags- og hugvísbr afrek	1	1	4	4	4	9	6		5	6	40
Fél- og tómsk nám brú dr		1		1	1			1			4
Félagsliðabraut	20	15	13	10	14	11	10	8	4	4	109
Félagsmála og tómsktr	5	1	1	1					1	1	10
Framhaldsskólabraut bókn					9		15				24
Framhaldsskólabraut list					1		8				9
Framhaldsskólabraut verk					1		10				11
Leiðbeinendur í leiksk.	8	5	10	8	11	6	15	8	10	16	97
Leikskólaliðabraut	3	2	2		2	3		2	5	2	21
Leikskólaliðar viðbót	5			2	5			4	3		19
Listnám kjör graf hönnun	4	1	4	8	9	8	12	1	4	1	52
Listnám kjör kvik	8	1	11		6	5	5	2	2	1	41
Listnám kjör leiklist	1		8	5	9	2	9	4	2	3	43
Listnám kjör margmiðlhö		1									1

Náttúrufræðabraut	15	9	10	4	9	6	6	2	4	1	66
Náttúrufræðabraut afrek	2	4	9	4	1	4	7	1	8	4	44
Rennismíði	6	1	4	1	5	1	3	1	7	9	38
Sérnámsbraut	5		6		7		7	5			30
Stálsmíði	4		2		4	1	6	1	4	6	28
Stuðningsf. í skólum brú dr	11	3	15	2	2	5	5	2	5	7	57
Vélvirkjun	14	7	14	4	9	4	17	10	12	9	100
Viðb. til stúdents eftir iðn			3	1	4	3	4	6	11	11	43
Viðb. til stúdents eftir list	12	3	8	9	11	10	4	4			61
Viðsk og frumkvöðlabraut						1	5	3	8	2	19
Viðsk og frumk afrek					2		1		1	1	5
Viðsk og hagfr	4	5	8	3	4	4	4	5			37
Viðsk og hagfr afrek		3	3	1	4	6	8	3	2		30
Alls	179	99	194	117	209	148	227	138	154	152	1617

Starfsfólk

Í stefnuviðmiðum Borgarholtsskóla kemur fram að í yfirstjórn skólans eru, skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri. Kynjaskipting yfirstjórnar er tveir karlar og tvær konur í samtals fjórum stöðugildum. Sviðsstjórar eru fjórir, þrjár konur og einn karl í samtals tveimur og hálfu stöðugildi. Deildastjórar eru tveir karlar og tvær konur í samtals 0,94% stöðugildi. Brautarstjórar eru einn karl og ein kona í samtals 15% stöðugildi. Rekstarstjóri fasteigna er einn karl. Fjöldi starfsfólks árið 2022 er 147. Þar af eru kennarar 93 í 89,2 stöðugildum auk 13 stundakennara. Með leyfisbréf eru 85 til kennslu. Annað starfsfólk en kennarar eru 41. Kynjahlutfall starfsfólks er 77 konur og 70 karlar.

Í töflu níu koma fram upplýsingar um starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni haustið 2022.

Tafla 9. Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2022

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	1		1
Aðstoðarskólameistari	1	1	1	
Áfangastjóri	1	1		
Fjármálastjóri			1	1
Fulltrúar á skrifstofu			2	1,5
Sviðsstjórar	1	0,75	3	1,9
Deildarstjórar	2	0,43	2	0,5
Brautarstjórar	1	0,05	1	0,1
Fagstjórar	5	óskilgreint	3	óskilgreint
Framhaldsskólakennari/-ar	47	38	49	41
Leiðbeinandi/-ur	3	1,75	3	1,42
Skjalastjóri			1	0,65

Umsjón nútímastofu og vefums			2	0,6
Bókasafn			1	0,95
Náms- og starfsráðgjafi			2	2
Verkefnastjórar			2	0,9
Hjúkrunarfræðingur 2x í viku			1	0,2
Umsjónarmaður fasteigna	1	1		
Ræsting			8	6,2
Tækjaverðir	2	1,55	1	1
Persónuverndarfulltrúi			1	0,05
Stundakennarar	6		7	

Flestir kennarar Borgarholtsskóla hafa lokið námi til kennsluréttinda í sínu fagi eða alls 99 þar af hafa 48 kennarar lokið háskólaprófi á meistarastigi og 27 eru með BA/BS-próf. Tveir kennarar hafa háskólapróf án kennsluréttinda. 24 kennarar hafa lokið meistaraprófi í iðngrein auk kennsluréttinda.

10. Menntun kennara haust 2022

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	
PhD án kennsluréttinda	
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	48
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	27
Háskólapróf án kennsluréttinda	2
Meistarapróf auk kennsluréttinda	24
Meistarapróf án kennsluréttinda	1
Önnur menntun auk kennsluréttinda	
Önnur menntun án kennsluréttinda	

Samtals 16 kennarar hafa skemmri starfsaldur en fimm ár. Af þessu má ráða að nokkur endurnýjun hefur átt sér stað í kennarahópnum sl. fimm ár þar sem um 15% kennara hefur styttri starfsaldur en fimm ár en um einn þriðji kennara hefur styttri starfsaldur en tíu ár. Samtals 40 kennarar hafa lengri starfsaldur en 20 ár í Borgarholtsskóla.

Tafla 11. Starfsaldur kennarar innan skólans haustið 2022

Starfsaldur (ár)	Fjöldi
<5	16
5 til 10 ár	17
10 til 15 ár	12
15 til 20 ár	17
20 til 25 ár	32
25 til 30 ár	8

Starfsmannavelta í Borgarholtsskóla er mest árið 2018 eða 19,86 og minnst árið 2019 eða 7,94 eins og fram kemur í töflu 13.

Tafla 12. Starfsmannavelta í Borgarholtsskóla 2018-2022

Ár	Fjöldi
2018	19,86
2019	7,94
2020	8,47
2021	10,91
2022	10

Stundakennarar á árinu 2022 voru alls 10 á vorönn í 34 kennslustundum á viku eða að jafnaði í 3,4 kennslustundum á hvern en á haustönn eru þeir alls 13 í 29 kennslustundum eða að jafnaði í 2,2 kennslustundum

Tafla 13. Stundakennarar 2021-2022

Stundakennarar			
	Konur	Karlar	St.pr. viku
Haust 2021	3	9	35
Vor 2022	2	8	34
Haust 2022	7	6	29

Forfallakennarar eru í 2 stöðugildum á haustönn 2021 en 3 stöðugildum á vorönn 2022.

Tafla 14. Forfallakennsla 2021-2022

Forfallakennsla	Stöðugildi	Fj. Mán	Stöðugildi	Fj. Mán
Haust 2021	2	6	1	1,5
Vor 2022	3	6	1	3,5

Í upplýsingum frá áfangastjóra kemur fram að meðalstærð hópa var 12,9 á vorönn 2022 og 13,2 á haustönn 2022. Draga má þá ályktun að mikill fjöldi iðn- og starfsnámshópa skýri að hluta meðalhópastærð. Meðalnámstími nemenda við brautskráningu vorið 2022 var 7,1 önn. Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara var 16.915 á haustönn 2021 og 21.372 á vorönn 2022.

Samkvæmt skóladagatali Borgarholtsskóla skólaárið 2022-2023 er fjöldi vinnudaga 174 og starfsdagar aðliggjandi skólaári fjórir. Skólasterfið hófst 16. ágúst með tveimur starfsdögum kennara en kennsla hófst 18. ágúst, brautskráning var 16. desember en jólaaleyfi hófst 21. desember. Á vorönn 2023 hófst skólinn 4. janúar, brautskráning verður 25. maí og síðasti starfsdagur skólans verður 31. maí.

Viðmið og vísbendingar

Páttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsfólk, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á.m. Með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólafestefnu.	SM			
2. Stefna skólans endurspeglar í öllum starfsháttum hans.		SM		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	M	S		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.		M	S	
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.		SM		

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsfólk og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsfólk til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstill sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	M	S		
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.		SM		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		M	S	
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		SM		
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.		SM		

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	SM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	M	S		

1.4 Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	M	S		
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	M	S		
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	S	M		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	M	S		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	M	S		

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	SM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	S	M		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.		SM		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		SM		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.		SM		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	SM			
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	SM			
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		SM		

2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	M	S		
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.		SM	S	

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		SM		

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.	M	S		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	M	S		
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	SM			
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða mattsaðilum.		M	S	

2.5 Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		SM		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	SM			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	SM			
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.			M	S
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.		SM		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnakosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

Páttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1 Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	M	S		
45. Nemendum líður vel í skólanum.		SM		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	M	S		

3.2 Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýnn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	M	S		
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	M	S		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	SM			

3.3 Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.		SM		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	SM			

3.4 Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjáforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.		SM		
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	SM			
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.	SM			

3.5 Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og barnamálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er ferska þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	M	S		
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		S	M	
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.	M	S		

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbindingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.			SM	
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	M	S		
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	SM			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.		M	S	
64. Stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.		SM		
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	SM			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.		SM		

Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1 Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.		S	M	

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		SM		
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	M	S		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	M	S		
73. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	M	S		
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.		SM		
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.		M	S	

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.				SM
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.		SM		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.		SM		

Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsaðila fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við ytra mat á Borgarholtsskóla á vorönn 2023. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólastarfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í upphafi umfjöllunar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsfólk, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Stefnumótun

Borgarholtsskóli (BHS) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 með áorðnum breytingum frá árinu 2012 og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Frá stofnun skólans hefur verið lögð rík áhersla á að Borgarholtsskóli sé skóli fyrir alla með það að markmiði að sinna þörfum samfélags og einstaklinga sem best. Þá hefur skólinn gert það að stefnu sinni að stuðla að bókmennt, handmennt og siðmennt nemenda sinni. Einkunnarorð skólans eru AGI – VIRÐING – VÆNTINGAR og lögð er áhersla á jákvætt og hlýtt viðmót gagnvart nemendum. Í tilefni af 20 ára afmæli skólans var efnt til samkeppni um skólasöng fyrir Borgarholtsskóla. Anton Már Gylfason bar sigur út bítum og eitt erinda af fjórum hljóðar svo og undirstrikar áherslur skólana;

*Um aga, virðingu og væntingar biður
Borgarholtsskólinn minn.
Bókmennt, handmennt og siðmennt býður
og breiðan faðminn sinn.*

Sýn skólans er að vera trúr upphaflegum markmiðum sínum og bjóða fjölbreytt nám í hæsta gæðaflokki fyrir breiðan hóp nemenda og nota til þess viðurkennd gæðaviðmið. Einnig að vera í tengslum við nærsamfélagið, aðliggjandi skólastig og atvinnulífið. Þá leggur sýn skólans áherslu á umhverfisvitund, heilsueflingu og sjálfbæra þróun og fylgjast vel með tækninýjungum og nýsköpun. Loks er lögð áhersla á skólaþróun og fagmennsku kennara, erlent samstarf og góðan starfsanda svo að skólinn sé eftirsóttur vinnustaður.

Grunngildi Borgarholtsskóla eru **jafnrétti, sköpun, sjálfsagi, framsækni og náungakærleikur**. Starfið er framsækið og skapandi. Starfsemin byggist á jafnrétti og náungakærleika en gerir um leið kröfur um sjálfsaga. Í gegnum árin hefur þróunin orðið sú að grunngildi skólans hafa tekið við af einkunnarorðum hans og mikil áhersla er lögð á að kynna nemendum og starfsfólki grunngildin með því að gera þau sýnileg. Á vegg í aðalinngangi eru grunngildin sett upp með litríkum hætti, sjá mynd 1. Veggmyndin var gerð af fyrrverandi nemanda skólans Halldóri Jóhanni Gunnarssyni og er prentuð á veggspjöld víða um skólann. Þá eru grunngildin höfð í tröppum á milli hæða og á drykkjarkönnun starfsfólks á kaffistofu svo nokkuð sé nefnt. Jafn réttur og jöfn tækifæri einstaklinga og hópa eru leiðarljós skólans, skólinn hlúir að skilyrðum til að leysa skapandi mátt einstaklingsins úr læðingi og hvetur einstaklinginn til að ná settum markmiðum af eigin rammleik. Menntun í Borgarholtsskóla miðar að framsækni á öllum sviðum og í skólanum er borin umhyggja og gagnkvæma virðing í öllum samskiptum.



Mynd 2 – Merki BHS

Stefna og markmið skólans eru sett fram í Stefnuskrá Borgarholtsskóla frá árinu 2016 sem birt er í skólanámskrá og á vef skólans. Í stefnuskránni er gert grein fyrir hlutverki og grunngildum skólans auk þess sem stefnuskránni er skipt í fimm kafla en þeir eru;

Mynd 1 – Grunngildi BHS



Þá var á árinu 2018 hannað nýtt merki fyrir skólann en Elsa Nielsen grafískur hönnuður hannaði merkið að fengnum tillögum starfsfólks og nemenda en kosið var um endanlega útgáfu og giltu atkvæði nemenda og starfsfólks jafnt. Valin var tillagan Húsið sem tekið var í notkun við upphaf árs 2019.

1. Nemandinn og velferð hans
2. Nám og kennsla
3. Mannauður og skólabragur
4. Ábyrg samfélagsþátttaka
5. Framkvæmd stefnunnar

Hver kafli (1-4) inniheldur svo framtíðarsýn, markmið og mælikvarða. Stefna Borgarholtsskóla felur í sér skyldur og tækifæri til að gera góðan skóla enn betri. Yfirstjórn skólans leiddi vinnuna við mótun á stefnuskránni ásamt stýrihópi og skapaði aðstæður til að raungera hana. Um framkvæmd stefnunnar segir í lokakafli að árangur af framkvæmd stefnunnar eigi allt undir því að starfsfólk Borgarholtsskóla taki sameiginlega ábyrgð á henni og grípi þau tækifæri sem bjóðast í breyttu skólasamfélagi.

Um hlutverk skólans segir í stefnuskránni;

- Borgarholtsskóli starfar samkvæmt aðalnámskrá og lögum um framhaldsskóla og öðrum lögum og reglugerðum sem varða starfsemi framhaldsskóla. Í skólanum er leitast við að efla alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir virka þátttöku í fjölbreyttu nútímasamfélagi, störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám.
- Borgarholtsskóli hefur að leiðarljósi grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.
- Í skólanum er leitast við að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda, víkka sjónvinkul umhverfis þeirra, styrkja gagnrýna og skapandi hugsun, leggja rækt við persónulegan þroska, siðgæðisvitund og mannskilning, tillitsemi og virðingu fyrir fólki og umhverfi.

Það kom fram í máli skólameistara að stefnuskráin væri frá árinu 2016 og væri í endurskoðun þó grunnur hennar væri efnislega góður en margt hefði breyst í nútíma stefnumótun á síðustu árum. Sama gildi um skipurit skólans sem væri frá árinu 2020 en breytingar hefðu átt sér stað innan skólans sem kölluðu á uppfærslu.

Markmið, aðgerðir og mælikvarðar hverju sinni er að finna í stefnumiðaðri áætlun BHS sem sett er til þriggja ára í senn, í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Síðasta útgáfa stefnuskránnar nær yfir árin 2023-2025. Um er að ræða þrjú markmið sem ná til kjarnastarfsemi (A) og önnur þrjú er lúta að rekstrarþáttur (B), þau eru:

A1. Fjölga nemendum sem brautskrást af iðnnámsbrautum um 10%. Auka fjölda stúlkna í iðnnámi um a.m.k. 15% á ári

Stærstu aðgerðir eru kynningar á samfélagsmiðlum þar sem lögð er áhersla á starfs- og tækninám, samstarf starfsnámskóla og samstarf málmíðngreinakennsluskóla og smiðja (atvinnulífið) um eflingu og sýnileika málmíðngreina.

A2. Gerð nýrra námskráa í málmíðngreinum í samvinnu við hagsmunaaðila/atvinnulífið

Stærstu aðgerðir eru samstarf málmíðngreinakennsluskóla og að vinna með innleiðingu rafrænnar ferillbókar og framkvæmd vinnustaðanáms.

A3. Auka gæði menntunar á öllum sviðum skólans

Stærstu aðgerðir eru að leiðbeinendur eru hvattir til að sækja sér kennsluréttindi og stjórnendur fái hæfa kennara til starfa, innleiðing rafrænna ferilbóka, innleiðing Grænna skrefa í ríkisrekstri og vitundarvakningu í umgengni við náttúru.

B1. Stuðla að bættri heilsu starfsfólks og fækka veikindadögum og minnka langtímaffjarvistir.

Stærstu aðgerðir eru heilsufarsmælingar, bólusetningar og fræðsla, jógatímar og hugleiðsla og samgöngusamningur við starfsfólk.

B2. Endurnýjun kennslutækja í iðngreinum og betri nýting kennslubúnaðar og húsnæðis

Stærstu aðgerðir eru greiningarvinna, samstarf málmgreinakennsluskóla og smiðja og samræming námskráa skólanna BHS, TS, FVA, FSU og FS.

B3. Aukin notkun upplýsingatækni og bætt þjónusta. Notkun á GoPro verði 100%

Stærstu aðgerðir eru traustari nettengingar um skólann, áframhaldandi innleiðing á GoPro og vinna að rafrænum skilum til Þjóðskjalasafn.

Auk ofangreindra markmiða setur skólinn sér árlega markmið um helstu verkefni sem unnið skal að næsta skólaár og eru þau birt á vef skólans í umbótaáætlun ársins. Sem dæmi voru markmið BHS skólaárið 2022-2023;

- Að viðhalda vottun jafnlaunakerfis.
- Að kynna starfsfólki rétt sinn vegna eigin veikinda og veikinda barna.
- Að eineltisáætlanir séu ávallt réttar og uppfærðar.
- Að endurnýja og uppfæra stofnanasamning BHM frá árinu 2017.
- Að viðbragðsáætlunin sé ávallt uppfærð og til staðar.
- Að starfsfólk viti að það er ekki hægt að rekja einstök svör til einstaklinga þegar viðhorfskannanir eru lagðar fyrir í INNU. Starfsfólkið þarf að treysta fyrirkomulaginu þannig að viðhorfskannanir gefi rétta mynd.
- Að safna ekki of miklu af úreltu efni á vefnum.
- Að gefa sviðsstjórum og fulltrúum nemenda tækifæri til að hafa skoðun á spurningum sem notaðar eru í áfangakönnunum.
- Að hafa gæðamarkmiðin skýr.
- Að spurningar í viðhorfskönnunum séu skýrar og gefi sem bestar upplýsingar um viðhorf nemenda og starfsfólks.
- Að stefnuskrá skólans sé ávallt rétt og uppfærð.
- Að gera starfsfólk meðvitað um einelti, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni og hvernig vinna megi gegn því.
- Að jafna kynjahlutfall þeirra sem kenna verklegar greinar.

Á vef skólans má finna stefnur og áætlanir einstakra málaflokka en sett hafa verið stefnuskiöl, markmið og áætlanir sem ná yfir ýmsa þætti skólastarfsins.

Borgarholtsskóli hefur sett sér loftslagsstefnu sem tekur mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamningnum og loftslagsstefnu Stjórnarráðsins. Skólinn stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum og fram til ársins 2030 mun Borgarholtsskóli draga úr losun um samtals 40% miðað við árið 2019. Stefna skólans nær einkum til úrgangsmýndunar, orkunotkunar, umhverfisfræðslu og samgangna á vegum skólans. Skólinn hefur skilgreint markmið og sett aðgerðaráætlun vegna loftslagsmála fyrir

skólaárið 2022-2023 sem birt er í gæðahandbók á vef skólans. Ásamt loftslagsstefnu hefur skólinn umhverfisstefnu en í stefnuskrá BHS segir að „hlutverk hans sé að efla með nemendum mannskilning, tillitsemi og virðingu fyrir fólki, náttúru og umhverfi“. Rík áhersla er lögð á fræðslu og umhverfismál innan og utan skólans og starfandi er umhverfisnefnd BHS. Skólinn lauk á árinu 2022 fyrsta skrefi í verkefni Umhverfisstofnunar „Græn skref í ríkisrekstri“. Skólinn hefur sett sér vinnulýsingu um umhverfisvæn innkaup og leggur áherslu á umhverfisvottaðar vörur og innkaupatré Umhverfisstofnunar. Þá á skólinn tvo rafbíla sem starfsfólk getur fengið til afnota í verkefnum á vegum skólans.

Eitt af grunngildum BHS er jafnrétti og hefur skólinn sett sér jafnréttisstefnu í átta liðum sem byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Stefnan var síðast uppfærð í desember 2022. Skólameistari í samráði við kennarafélag og fulltrúa starfsfólks skipar í jafnréttisnefnd í upphafi hvers skólaárs. Í nefndinni sitja fulltrúi stjórnenda, fulltrúi kennara og fulltrúi annars starfsfólks þá sitja tveir fulltrúar nemenda í jafnréttisráði. Aðgerðarbundin jafnréttisáætlun fylgir stefnunni og er hún yfirfarin á tveggja ára fresti. Núverandi áætlun gildir frá 1. ágúst 2022 til 1. ágúst 2024. Áætlunin er í sex hlutum; 1) Launajafnrétti 2) Laus störf, starfsþjálfun og starfsþróun 3) Samræming fjölskyldu og atvinnulífs 4) Kynbundið ofbeldi, kynbundið og kynferðislegt áreitni 5) Menntun og skólastarf 6) Samstarf heimilis og skóla. Settar eru aðgerðir, ábyrgðaraðilar og tímarammi fyrir hvert markmið. Jafnréttisdagur hefur um áraraðir verið haldinn hátíðlegur í BHS 8. mars á Alþjóða baráttudegi kvenna með fræðsluerindum og viðburðum tengdum jafnréttismálum. Stefnan og aðgerðaráætlun er birt á vef BHS og í gæðahandbók sem jafnframt er á vef skólans. Skólinn hefur sett sér stefnu og áætlun gegn öllum birtingarmyndum eineltis sem leggur áherslu á að einelti er ekki undir neinum kringumstæðum liðið í Borgarholtsskóla. Stefnan innifelur markmið, skilgreiningar, viðbrögð, vinnureglur og forvarnir og nær jafnt til starfsfólks og nemenda. Í gæðahandbók er einnig tvær vinnulýsingar sem snúa að formlegri og óformlegri málsmeðferð ef upp kemur grunur um einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreitni eða ofbeldi (EKKO).

Borgarholtsskóli hefur sett sér launastefnu sem er á ábyrgð skólameistara og á stefnan að tryggja að skólinn greiði laun í samræmi við gildandi kjarasamninga, þar með talið stofnanasamninga. Jafnlaunastefna er órjúfanlegur hluti af launastefnu BHS en í júní 2020 fékk skólinn jafnlaunavottun samkvæmt kröfum staðalsins ÍST85:2012 og er niðurstaða úttekta stjóra að jafnlaunakerfi BHS uppfylli kröfur staðalsins. Í gæðahandbók má finna verklagsreglur um framkvæmd jafnlaunakerfis svo sem ábyrgð og framkvæmd, umfang og meginþætti, launagreiningar, launablöð eftir stéttarfélögum og starfaflokkun. Viðhaldsúttekt Versa vottunar fór fram 9. júní 2022 og þar komu fram þrjár minni háttar athugasemdir sem þegar hefur verið bætt úr.

Starfsmannastefna BHS sem fyrst var samþykkt árið 2016 byggir á einkunnarorðum skólans og samskiptareglum auk laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, kjarasamningum og starfslýsingum skólans. Þá tekur hún mið af ákvæðum vinnuverndarlaga nr. 46/1980, reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, jafnréttislaga nr. 10/2008 og jafnlaunastefnu BHS. Í starfsmannastefnunni er fjallað um ráðningar, móttöku og þjálfun nýliða, gagnkvæmar væntingar, starfsþróun, endurgjöf, jafnrétti, upplýsingar og samskipti, starfsskilyrði og starfslok. Skólinn leggur reglulega fyrir kannanir meðal starfsfólks þar sem spurt er um ofantalin atriði og eru niðurstöður þeirra birtar á vef skólans.

Persónuverndarstefna BHS er í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem gildi tóku 15. júlí 2018. Stefnan var síðast uppfærð í janúar 2022 en markmið stefnunnar er að sjá hvaða upplýsingum skólinn safnar um einstaklinga, í hvaða tilgangi og hvað gert er við þær. Einnig er lýst rétti einstaklings og hvert hægt er að leita ef óskað er eftir upplýsingum eða ef viðkomandi telur að brotið hafi verið á sér. Um afhendingu persónuupplýsinga gildir sérstök verklagsregla samkvæmt gæðahandbók. Starfandi er persónuverndarfulltrúi við skólann sem er óháður og sjálfstæður í störfum og er starfslýsing hans er í gæðahandbók á vef. Þá hefur skólinn sett sér verklagsreglu til að tryggja rétt verklag komi upp grunur um að öryggisbrestur hafi orðið og verklagsreglu um erindi, frávik, úrbætur og forvarnir mála sem varða vinnslu persónuupplýsinga. Einnig verklagsreglur um gerð vinnslusamninga og vinnsluskráa. Þá gildir verklagsregla um fræðslu og vitundarvakningu um persónuvernd en tilgangurinn er að stuðla að aukinni fræðslu meðal nemenda og starfsfólks Borgarholtsskóla um meðferð persónuupplýsinga. Loks leggur skólinn áherslu á að fulltrúar nemendafélag séu meðvitaðir um persónuvernd og starfi í samræmi við gildandi lög um persónuvernd samkvæmt sérstakri verklagsreglu þar um.

Þá hefur BHS sett sér skjalastefnu samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og gerði árið 2019 vinnslusamning um notkun á GoPro um rafræna skjalavistun. Ráðinn var skjalastjóri og fyrsti málalýkill skólans var samþykktur sama ár hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Skráning í kerfið er bundin við stjórnendur, starfsfólk á skrifstofu auk annars lykilstarfsfólks. Verklagsreglur gilda um skjalfestingu og stýringu skráa/skjala. Upplýsingaöryggisstefnu BHS er í samræmi við reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Báðar þessar stefnur eru nátengdar stefnu um persónuvernd. Gögnum er einungis miðlað ef þörf krefur og þá á öruggan hátt samkvæmt verklagsreglu um afhendingu persónuupplýsinga. Þá gilda í skólanum reglur um meðferð tölvupósts, sendingu fjölþósta, netnotkun starfsfólks og rafræna vöktun.

BHS er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli síðan á vorönn 2011 samkvæmt viðmiðum Landlæknisembættis. Markmið verkefnisins í skólanum eru aukin lífsgæði og bætt líðan nemenda og starfsfólks með áherslu á samspil andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar líðan í nær- og fjærumhverfi skólans. Höfuðáherslur verkefnisins eru fjögur; næring, hreyfing, geðrækt og lífsstíll og hefur skólinn unnið bæði gull og silfur fyrir gott starf í þessum flokkum. Starfandi er stýrihópur sem vinnur að markmiðum verkefnisins og árlega er Heilsuvika á haustönn, nú síðast dagana 26.-30. september 2022, en þá var nemendum boðið upp á lýsi og ávexti í anddyri skólans, námskeið, jóga, zumba, reipitog nemenda og starfsfólks svo dæmi séu nefnd. Nemendur og starfsfólk BHS hafa alls níu sinnum unnið Lífshlaupið í sínum flokki og nú síðast árið 2022. Þá unnu nemendur til verðlauna fyrir myndband í verðlaunaleik Embættis Landlæknis á Forvarnardaginn þar sem þau lögðu áherslu á þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tólmstundastarfi í sínu verkefni. Skólinn er handhafi Gulleplisins frá árinu 2015 sem er viðurkenning fyrir framúrskarandi starf og árangur í heilsueflingu og er veitt árlega til einhvers af þeim skólum sem taka þátt í verkefninu. Skólameistari er ábyrgur fyrir því að vinnuumhverfi skólans sé öruggt og heilsusamlegt fyrir alla nemendur og starfsfólk en öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir eru honum til aðstoðar ásamt öryggisnefnd. Áfallaáætlun er aðgengileg á heimasíðu og skólameistari skipar fólk í áfallaráð. Þá liggur fyrir viðbragðsáætlun við ógnun, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum o.fl. auk þess rýmingaráætlun sem á að tryggja að rýming fari fram á skólanum með skipulögðum og öruggum hætti ef vá ber að höndum.

Þá hefur skólinn sett sér stefnu í erlendum samskiptum, sjá umfjöllun í kafla 3 og Stefnuskrá BHS.


Skólinn hefur skýra stefnuskrá, framtíðarsýn og grunnildi. Stefnur skólans bera vitni um metnað og vilja til árangurs. Að tryggja að stefnur birtist í daglegu starfi getur verið flókið en með markvissum aðgerðum, verkefnastjórum, nefndum/ráðum og teyrum hefur vel tekist til við að halda utanum einstaka stefnumið og tryggja að unnið sé eftir stefnunum í daglegu skólastarfi. Það kom fram hjá stjórnendum skólans að vinna við jafnlaunakerfið hafið ýtt undir að endurskoða og uppfæra stefnu- og gæðaskjöl með markvissum hætti. Þá hefði verið gert átak í því að gera grunnildi skólans sýnileg í starfi hans og á veggjum skólans ásamt því að endurnýja merki skólans. Grunnþættir menntunar væru einnig orðnir undirliggjandi og samþættir inn í allt starf skólans og aukin áhersla væri á að vinna með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Stjórnskipan og stjórnendur

Skipurit BHS skýrir myndrænt uppbyggingu og tengsl þeirra sem starfa innan skólans og tengjast skólanum utan hans. Borgarholtsskóli er rekinn undir yfirstjórn mennta- og barnamálaráðherra. Skólanefnd sem skipuð er af ráðherra markar áherslur í starfi skólans og er skólameistara til samráðs.

Samkvæmt skipuriti eru fjórir í yfirstjórn skólans; skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri. Jöfn kynjaskipting er meðal stjórnenda skólans eða tveir karlar og tvær konur. Millistjórnendur eru fjórir sviðsstjórar iðn- og starfsnáms, bóknáms, listnáms og undirbúnings- og sérnáms. Kynjaskipting er þrjár konur og einn karl. Séu aðrir stjórnendur eða brautarstjórar, fagstjórar og deildarstjórar ásamt fósturu mætingar og umsjónar tekin í einn stjórnendahóp eru karlar 11 og konur 12. Skipurit skólans var uppfært árið 2020 og lýsir það vel stjórnkerfi skólans en í undirbúningi er yfirferð á skipuriti að sögn skólameistara.

Mynd 3 - Skipurit



Skólameistari Borgarholtsskóla er ábyrgur gagnvart mennta- og barnamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi skólans. Honum ber að framfylgja lögum og reglugerðum, sem um skólann gilda, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum á hverjum tíma og stýra starfi hans í samræmi við erindisbréf og stefnumiðaða áætlun til þriggja ára milli skólans og ráðuneytis. Skólameistari hefur yfirumsjón með starfsemi skólans, húsum hans og rekstri. Hann ber ábyrgð á að öll starfsemi sé í samræmi við aðalnámskrá og að fylgt sé árlegri fjárhagsáætlun skólans. Við stjórnun skólans er lögð áhersla á lýðræðislega stjórnunarhætti þar sem kappkostað er að starfsfólk og nemendur njóti styrkrar forystu, hvatningar og stuðnings. Þá eru unnið með lýðræðisleg vinnubrögð sem stuðla að samræðu, jafnræði og gagnsæi. Til marks um það fer árlega fram lýðræðisfundur á haustönn þar sem skapaður er sameiginlegur grundvöllur nemenda og starfsfólks til umræðna og gagnrýnnar samræðna um umbætur í skólastarfinu.

Í sjálfsmatsferli skólans kom fram í könnun á meðal starfsfólks í apríl 2022 að 71% þeirra sem svöruðu töldu skólameistara faglegan leiðtoga og 76% að stjórnendur leggðu áherslu á að skapa traust milli sín og starfsfólks. Í könnun frá árinu 2020 töldu 70% starfsmanna skólameistara faglegan leiðtoga og 70% töldu að stjórnendur leggðu áherslu á að skapa traust milli sín og starfsfólks. Svarhlutfallið í báðum könnunum var um og undir 50%.

Í könnun SFR – Stofnun ársins árið 2022 kemur fram að heildarniðurstaða um stjórnun er 3,71 sem er undir heildarmeðaltali ríkisstofnana í könnuninni sem er 4,13. Fyrir árið 2021 er heildarniðurstaða um stjórnun í BHS 3,77 sem er undir heildarmeðaltali ríkisstofnana í könnuninni sem er 4,09. Fram kom í viðtölum við stjórnendur að skipulögð vinna hefði farið fram varðandi niðurstöður úr stofnun ársins síðasta vor en það hefði ekki skilað betri útkomu núna. Einnig að stjórnendur væru mjög meðvitaðir um þessar niðurstöður og vildu vinna með þær eftir bestu getu.

Þá kom fram hjá starfsfólki að ýmsar breytingar hefðu átt sér stað með nýjum skólameistara (2016) sem hefðu lagst misvel í fólk. Skólameistari hefði skýrt mótaðar hugmyndir og gangi einbeittur fram í því sem hann vilji breyta. Jákvæðar breytingar hefðu þó orðið á samskiptum á síðustu tveimur árum að mati starfsfólks. Samskiptin væru nú opin og góð, tekið væri vel í flest, alltaf væri stuðningur við erfið mál og unnið væri faglega. Stjórnendur væru sýnilegir, ynnu vel saman og ákveðinn léttleiki meðal starfsfólks. Skólameistari væri metnaðarfullur og legði alltaf áherslu á að gera betur og koma til móts við fólk. Orðræðan væri jákvæð og vinnustaðurinn góður. Fram kom hjá aðstoðarstjórnendum að skólameistari væri mikill stofnanamaður og þekkti lög og reglur vel, verkaskipting væri skýr í stjórnendateyminu og samstarfið þeirra á milli gott. Almennt taldi starfsfólk að traust væri borið til skólameistara og aðstoðarstjórnenda og að það traust væri gagnkvæmt en traust til starfsfólks væri mikið og fljótt brugðist við þeirra málum sem upp koma. Aðgengi að skólameistara og stjórnendum skólans væri mikið og gott væri að leita til þeirra. Það kom fram hjá nemendum að auðvelt væri að eiga samskipti við stjórnendur skólans og að skólinn styðji 100% við félagslíf þeirra. Þá er aðstoðarskólameistari einn af þremur félagslífs- og forvarnarfulltrúum.

Í skýrslu Maskínu þar sem lagt var mat á fjóra hæfnipætti skólameistara það er heilindi, samskiptahæfni, leiðtogahæfni og árangursmiðaða stjórnun, af hans nánustu samstarfsmönnum, var niðurstaðan úr þremur spurningum um heilindi 4,30 (af 5), úr átta spurningum um samskiptahæfni 4,38 (af 5), úr fimm spurningum um leiðtogahæfni 4,39 (af 5) og úr sex spurningum um árangursmiðaða stjórnun 4,61 (af 5). Skólameistari var vel yfir meðaltali viðmiðunarhóps stjórnenda á þremur liðum aðeins á fyrsta lið um heilindi er skólameistari rétt undir meðaltali sem var 4,36.

Stjórnendateymið í BHS er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og fjármálastjóra og funda þau einu sinni í viku um innri málefni skólans, stjórnun, stefnumótun og helstu verkefni sem unnið er að hverju sinni. Þá fundar teymið einu sinni í viku með sviðsstjórum og fósturu mætingar og umsjónar sem ber vott um virkt samráð og upplýsingaflæði til sviðanna. Verkaskipting milli stjórnenda er skýr en starfslýsingar stjórnenda eru birtar í gæðahandbók. Skólameistari sér meira um mál út á við en aðstoðarskólameistari um mannauðsmál og innri málefni skólans. Samstarfið gengur vel og „við fáum að blómstra í því sem við erum góð í“ að sögn aðstoðarskólameistara. Fram kom að stjórnendateymið væri samhentur hópur og hlustað væri á sjónarmið allra. Niðurstöður væru alltaf sameiginlegar og vel gengur

að samræma ólíkar skoðanir á málum. Í máli allra aðstoðarstjórnenda kom fram að þeim liði vel í starfinu og samstarfinu innan stjórnendateymis og við starfsfólk og nemendur skólans.

Ljóst er að upplýsingaflæði er virkt innan skólans en vikulega er gefið út fréttablaðið „Boðberinn“ til að miðla upplýsingum um það sem er á döfinni innan skólans. Í starfsmannakönnun árið 2022 kom fram að 98% starfsfólks lesa Boðberann reglulega og 86% telja upplýsingagjöf á starfsmannafundum vera góða. Þá fá nemendur reglulega sent með tölvupósti fréttaritíð „Nema hvað?“ og í hverjum mánuði er sent út fréttabréf til foreldra nemenda undir 18 ára aldri. Þá er á vef skólans upplýsingar um skólann, námsframboð og þjónustu auk fréttu. Vefurinn var opnaður í maí 2015 en ný útgáfa hans var opnuð nú í mars 2023.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn skólans. Starfslýsing hans er birt í gæðahandbók skólans en þar segir að markmið aðstoðarskólameistara sé að gera veg Borgarholtsskóla sem mestan, veita faglega þjónustu og vera góð fyrirmynd og leiðtogi. Helstu verkefni aðstoðarskólameistara eru kennararáðningar, kennsluskipting, agamál, innritun, námsval, námskrárgerð, stundatöflugerð, útskrift, félagslíf nemenda, skóladagatal, framþróun skólastarfs og nýbreytnistarf. Í viðtali við aðstoðarskólameistara kom fram að mannauðsmálin væru á hennar verksviði og mikilvægt væri að starfsfólk gerði sér grein fyrir sinni starfslýsingu. Ákveðin þemu eru tekin fyrir í starfsmannasamtölum svo sem vinnuaðstaða og starfslýsing til þess að gæðahandbókin og starfslýsingarnar séu lifandi plagg. Starfsfólk veit hvert það á að leita með sín mál enda skýrt í starfslýsingum. Virðing nemenda í garð kennara og hlýlegt andrúmsloft í skólanum taldi aðstoðarskólameistari einkenna skólann. Nemendur tali almennt vel um skólann og tekið sé á móti þeim á hverjum morgni í anddyri. Skólinn sé 1500 manna samfélag undir einu þaki og það virki vel að sýna nemendum hlýhug og komi margfalt til baka. Ekki reyni mikið á agamál að mati aðstoðarskólameistara en komi þau upp er notuð viðbragðsáætlun og hópur innan skólans sem tekur á erfiðum málum. Hvað nýjungar varðar sé pípulagnir ný námsbraut við skólann og horft sé til nýbyggingar þannig að hægt sé að leysa úr húsæðisvanda verkgreina og listnáms. Þá sé skólinn í samvinnu við samtök ferðaþjónustunnar og fleiri um nýja námslínu í móttöku ferðamanna í dreifnámi. Aðstoðarskólameistari sér um móttöku nýrra kennara, það er fundað með þeim og gátlisti þar sem starfsfólk merkir við að hafa kynni þeim ýmsa þætti í skólastarfinu. Ekki er mentor í framhaldinu en kennari í sömu námsgrein er beðinn um að vera nýjum kennara innan handar. Aðstoðarskólameistari er í góðu samstarfi við nemendafélag NFBHS enda einn af þremur félags- og forvarnarfulltrúum skólans. Þannig hafa nemendur greiða leið að forystu skólans og fundað er einu sinni í viku með stjórn og formönnum nefnda auk spjallhóps á messenger.

Áfangastjóri hefur faglega umsjón með kerfum skólans svo sem áfangakerfi, tölvukerfi, prentkerfi og upplýsingakerfi innanhúss ásamt þeim tölvukerfum sem notuð eru til að halda utan um starfsemi BHS en starfslýsing hans er er gæðahandbók skólans. Helstu verkefni áfangastjóra snúa að áfangakerfinu svo sem innritun, náms- og áfangavali, námsferlum, mat á námi, útskrift auk töflugerðar, brautskráningar, kynningarmálum, gæðakerfi, tölvu- og prentmálum. Þá sinnir áfangastjóri starfi ritstjóra skólanámskrár sem uppfærð er reglulega meðal annars vegna uppfærslu á áföngum og brautum en áfangastjóri lagði áherslu á að skólanámskráin væri lifandi skjal og í stöðugri endurskoðun. Fram kom í viðtali við áfangastjóra að mikil fjölbreytni væri í námsframboði skólans, áhersla væri á nýsköpun og þrír nýsköpunaráfangar væru skylduáfangar á bóknámsbrautum til

stúdentsprófs og kynjafræði væri á öllum brautum skólans. Þá væru margar brautir skólans að undirbúa nemendur beint fyrir atvinnulífið. Áfangastjóri er tengiliður við INNU og Opin kerfi en tölvuumsjón skólans var útvistað til þeirra. Einnig við prentþjónustuaðila og þá sér hann um innkaup á þessum búnaði. Áfangastjóri á í samstarfi við stoðteymi skólans og kennara í ÍSA-áföngum um einstaka nemendur en kennarar leita til áfangastjóra vegna INNU og annarra tæknimála. Nemendur leita mikið til áfangastjóra þegar val stendur yfir og þegar töflubreytingar eiga sér stað, þá koma iðnnemar vegna skráningar í rafræna ferilbók. Skólinn hefur tekið yfir samningsgerð vegna iðnnema við meistara. Kennarar og deildarstjórar iðnnema hafa aðstoðað þá við að komast á samning í sínu fagi. Tilsjónaraðilar í atvinnulífi mættu vera betur undirbúnir fyrir vinnu við rafræna ferilbók að mati áfangastjóra og „draumurinn væri að fá sveinsprófin inn í skólann.“

Fjármálastjóri annast skipulag, rekstur og faglega umsjón með fjármálum, bókhaldi og rekstraráætlunargerð skólans í samráði við skólameistara og í samræmi við lög, reglugerðir og góðar reikningskilavenjur samkvæmt starfslýsingu í gæðahandbók skólans. Í þessu felst meðal annars ársuppgjör og áætlanagerð, einnig launagreining í tengslum við jafnlaunakerfi skólans, vinnumat kennara og gerð ráðningasamninga. Þá hefur fjármálastjóri yfirumsjón með fjárreiðum nemendafélags. Þá fundar fjármálastjóri vikulega með stjórnendateymi. Að mati fjármálastjóra gengur samstarfið í stjórnendateyminu virkilega vel, hópurnir er samheldinn og er fjármálastjóri ánægður í þessum hópi. Vinna við jafnlaunakerfi, græn skref í ríkisrekstri og erlent samstarf hefur verið nokkur á síðustu árum og þá eru fjölbætt innkaup fyrir skóla eins og BHS en verðhækkningar hafa verið miklar á aðföngum að undanfögnu. Samskipti við birgja eru í höndum þeirra sem hafa heimildir til innkaupa en stærri innkaup eru í höndum stjórnenda skólans. Erlendu samskiptin eru að fara aftur af stað af fullum krafti eftir lögð í Covid. Fjármálastjóri sér um fjármál nemendafélagsins og telur það hafa gengið mjög vel og vera farsælla en áður.

Við BHS starfa fjórir sviðstjórar einn karl og þrjár konur sem halda utan um eftirfarandi svið skólans; iðn- og starfsnám, bóknám, listnám, undirbúnings- og sérnám. Þeir eru hluti af stjórnkerfi skólans og eru tengiliðir skólameistara við viðkomandi kennsluvið í dagskóla og dreifnámi samkvæmt starfslýsingu þeirra í gæðahandbók. Þeirra helstu verkefni er að móta markmið, leiðir og skipulag á sínu sviði, koma að vali nemenda, námsframvindu, útskrift og erlendum samskiptum, starfa með fagstjórum/brautarstjórum/deildarstjórum og kennurum, kalla eftir bókalistum og kennsluáætlunum, annast starfsmannasamtöl, gera áætlun um innkaup á búnaði, annast tengsl við atvinnulíf, gera ársskýrslu og kynningarefni og fylgjast með nýjungum og framförum á sínu sviði. Sviðstjórar eru ráðnir til tveggja ára í senn í hlutastarfi (50-75%). Í rýnihópum sviðsstjóra, fagstjóra, brautarstjóra og deildarstjóra kom fram að sviðstjórar hafa ágæta vinnuáætlun og almennt er mikið samstarf í gangi á sviðunum og fundað einu sinni í mánuði eða oftár eftir þörfum. Almennt væri góður andi innan starfsmannahópsins það væri vel haldið utanum nýja kennara og auðvelt að leita sér aðstoðar innan skólans. Í rýnihópunum kom fram að BHS væri fjölbreyttur skóli og almennt væru aðstæður til kennslu góðar. Í bóknámi er samvinna og samstarf mjög gott, allir kennarar með fartölvur og mikil samvinna milli brauta. Einstök fög hafa þróast til að mæta þörfum ólíkra brauta svo sem enska fyrir bílanám en stytting námstíma til stúdentsprófs gerir erfiðara fyrir að bjóða nemendum valáfanga. Samstarf innan framhaldsskóla- og sérnámsbrautar er mikið og gott og viðbragðsteymi kemur úr öllum deildum skólans. Í listnámi væri kennsluáætlun þó þröng fyrir sviðslistir og kvikmyndagerð en reynt væri að búa til verkstæðisanda í venjulegum skólastofum og sýna þyrfti lokaverkefni í húsnæði utan

skólans. Í iðngreinum er vaxandi vandamál varðandi endurnýjun á tækjum sem ekki standast lengur kröfur atvinnulífsins og húsnæðið væri löngu of lítið. Þá hefði efniskostnaður vaxið mikið. Mikill áhugi er hjá kennurum að fylgja nýjungum í kennslu svo sem með gagnvirku efni og sýndarveruleika en mikil þróun hefur átt sér stað á þessu sviði í bíliðngreinum en tækjabúnaður skólans hefur ekki fylgt þeirri þróun. Þá kom fram í rýnihópum að breyttir kennsluhættir með verkefnaþáttum námi með símati hefði styrkt sviðin í þróunarstarfi til betra náms og Vörðurnar hefði skilað sér í bættum árangri og ánægju meðal nemenda. Loks töldu millistjórnendur að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna endurspegluðust í öllu skólstarfi BHS.

Skólanefnd

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skipar mennta- og barnamálaráðherra skólanefnd til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar og eru tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarfélaganna tveggja sem aðild eiga að skólanum sem eru Reykjavíkurborg og Mosfellsbær. Þá sitja áheyrnarfulltrúar kennara, nemenda og foreldra fundi nefndarinnar. Skólanefnd BHS var skipuð í janúar árið 2022 og fundar nefndin að jafnaði 4-5 sinnum á ári við upphaf og lok anna og þá hefur formaður skólanefndar verið í beinu sambandi við skólameistara þess á milli. Í viðtali við formann kom fram að meginefni fundanna væru fjármál, innritun og útskriftir, húsnæði, endurnýjun tækjabúnaðar svo sem sprautuklefa sem keyrður er með olíu, Græn skref í ríkisrekstri, lóð skólans en það væri hlutverk nefndarinnar að koma í veg fyrir að þrengt væri að skólanum á lóð hans. Skólanámskrá hefur ekki í heild sinni komið inn á borð skólanefndar en ákveðnir hlutar hennar komið til umræðu. Fram hefur komið að félagsliðanám og leikskólaliðanám heillar ekki grunnskólanema og nemendur því oft eldri en ella. Verknám og listnám hefur aukist og í dreifnámi eru oft nemendur sem eru að klára námið eftir ferli í viðkomandi fagi. Þá hefur skólanefnd rætt spannar nám. Beiðni til skólans um að taka upp nám í pípulögn eykur vissulega námsframboðið og erlent samstarf er mikið í skólanum. Brottfall úr skólanum er ekki mikið og er það meðal annars að mati formanns sökum þess hve vel er haldið utanum nemendur, andinn í skólanum er góður, skólinn er snyrtilegur og rólegt og gott andrúmsloft. Það er ekki langt síðan ofbeldismál kom upp innan skólans sem varð til þess að öll öryggismál voru skoðuð og meðal annars settar upp rafrænar læsingar á allar hurðir og nemendur í verknámi eru nú í merktum vinnufötum í sérstökum litum svo dæmi séu nefnt. Samstarf við skólameistara og stjórnendateymið hefur verið farsælt og gott, upplýsingagjöf er góð til skólanefndar og stjórnendateymið vinnur vel saman að mati formanns. Framtíð skólans byggir á betri aðstöðu til kennslu í verk- og listnámi. Samkvæmt lögum hafa skólanefndir fjölþætt hlutverk og því fylgir mikil ábyrgð. Að mati formanns skýtur það því skökku við að ekki sé greitt fyrir nefndarsetu með formlegum hætti.

Innra mat

Í framhaldsskólalögum nr. 92 frá 2008 er í kafla VII fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs og í reglugerð nr. 700/2010 eru löggin útfærð. Framhaldsskólar skulu með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfs. Innra mat skal samofið starfsemi skólans og skal skapa forsendur fyrir markvissu mati á árangri og leiðum að markmiðum skólans. Það skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins.

Í viðtali við gæðastjóra og sjálfsmatsteymi BHS kom fram að skólinn hefur lengi unnið að innra mati og gæðamálum eða allt frá árinu 2009 þegar skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði til að hefja vinnuna. Þá kom

fram að á árinu 2020 var mikið átak í þessum málum innan skólans samhliða jafnlaunavottun sem ýtti verulega á starfið og mikil vinna er enn í gangi. Það er markmið skólans að vinna í anda tæknilegra gæðastaðla og vera tilbúin undir vottun þegar og ef af sú krafa kemur upp. Við lítum á gæðakerfið sem góða vinnuhefð og vinnubrögð en ekki ytri kvöð á starfsemi skólans.

Borgarholtsskóli hefur sett sér gæðastefnu sem birt er í gæðahandbók á vef skólans. Í stefnunni er lögð áhersla á hlutverk skólans samkvæmt lögum og reglugerðum og að skólinn hafi grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Til þess að geta ræktað þetta hlutverk sitt sem best er stuðst við gæðastjórnunarkerfi sem tekur mið af viðurkenndum gæðastjórnunarstöðlum ISO 9001:2018 með það í huga að skólinn hljóti vottun þegar fram líða stundir ef krafa kæmi um það að sögn gæðastjóra. Markmið stefnunnar er að nemendur hljóti þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og starfsfólki verði auðvelduð störf. Gæðamarkmið BHS eru sett fram í stefnuskipti í gæðahandbók og lögð er áhersla á að þau skuli vera mælanleg og í samræmi við gæðastefnuna. Gæðamarkmiðin eru sett fram til þriggja ára í senn og endurskoðuð samfara rýni stjórnenda í lok hvernna annar en á þessu skólaári varð sú breyting að rýnifundur er í lok hvers skólaárs. Umbótaáætlun er lögð fram í kjölfar rýnifunda og birt á vef skólans. Niðurstöður og eða staða einstakra verkefna í umbótaáætlun eru ekki birtar á vef skólans eða í skýrslu ársins um innra mat en að sögn gæðastjóra er farið yfir stöðuna á rýnifundi stjórnenda og það skráð í sérstakt skjal sem ekki er á vef. Gæðamarkmiðin leggja áherslu á að meta eftirfarandi;

- Gæði starfseminnar, fall, brotthvarf, viðvera
- Ánægja með kennslu og kennara
- Viðhorf og líðan nemenda
- Viðhorf starfsfólks til aðbúnaðar


Til að tryggja sé að ofangreind markmið skólans séu mæld setur skólinn fram áætlun um innra mat og birtir á vef skólans. Eldri verk- og framkvæmdaáætlanir má einnig sjá í sjálfsmatsskýrslum skólans eftir árum og þar er jafnframt gerð grein fyrir verkefnum og niðurstöðum þeirra. Í áætlun áráanna 2022-2025 verður gagnaöflun eftirfarandi

- Áfangakannanir
- Viðhorfskannanir nemenda
- Viðhorfskannanir starfsfólks
- Stofnun ársins
- Starfsþróunarsamtöl
- Rýnifundur stjórnenda
- Endurskoðun áætlunar

Í skýrslum um innra mat skólans sem gefnar eru út árlega og birtar á vef skólans er nánari útfærsla á framkvæmd innra matsins ásamt tímasetningu og ábyrgðaraðilum. Þar er auk þess endurúttekt vegna jafnlaunavottunar ásamt innra mati skólans á einstökum verklagsreglum, gátlistum, vinnulýsingum og starfslýsingum samkvæmt gæðastaðli/gæðahandbók sem unnar eru af úttektarteymum innan skólans.

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og gæðastjóri hafa yfirumsjón með sjálfsmati Borgarholtsskóla. Í því felst áætlanagerð, utanumhald gagna og verkefna, eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd umbóta, úrvinnslu og skýrslugerð svo fátt eitt sé nefnt. Sviðsstjórar sjá um þá þætti sem varða námsbrautir sem undir þá heyra. Í gæðahandbók BHS er verklagsregla um stjórnun gæðamála Þessi verklagsregla lýsir hvernig stjórn gæðamála skólans fer fram á skipulegan og kerfisbundinn hátt. Hugmyndafræðin er svokölluð ferilsnálgun við innleiðingu, þróun og umbætur á virkni gæðakerfis og jafnlaunakerfis – sjá mynd 4.

Mynd 4 – Gæðakerfi BHS



Innan skólans starfar gæðaráð sem er virkt hvað varðar framkvæmd einstakra þátta matsins svo sem úrvinnslu, gagnaöflun og tillögur að umbótaáætlunum. Sæti í gæðaráði eiga skólameistari, áfangastjóri, fulltrúi kennara og skjalastjóri auk gæðastjóra en gerð var breyting á skipan gæðaráðs árið 2021 er aðstoðarskólameistari vék úr ráðinu þá kom fulltrúi kennara inn í ráðið árið 2019. Gæðaráð fundar reglulega yfir skólaárið en markmiðið í öllu gæðastarfinu er að móta gæðahugsun byggða á gæðastöðlum og ná fram umbótum á allri starfsemi skólans. Hlutverk gæðaráðs er skilgreint í verklagsreglu í gæðahandbók og er eftirfarandi:

1. Styðja við stefnumótandi starfsemi skólans, með það fyrir augum að veita bestu mögulegu þjónustu á hverjum tíma
2. Hafa frumkvæði að því að skjalfesta verkferla sem eru til staðar
3. Beita sér fyrir innleiðingu nýrra verkferla þar sem þá skortir
4. Vekja áhuga á gæðamálum innan skólans og virkja samstarfsfólk til umbótaverkefna á öllum sviðum
5. Ritryna gæðahandbók sem nær til allrar starfsemi skólans
6. Tryggja að skólinn standist þær innri og ytri kröfur sem gerðar eru til hans

Gæðahandbókin er eitt af stefnuskjölum skólans og tilgangur hennar er:

- Að tryggja að öll gæðaskjöl og gögn séu aðgengileg þeim sem þurfa á þeim að halda
- Að stýra samþykki, útgáfu og breytingum á skjölum og gögnum í gæðahandbók
- Að úrelt skjöl og gögn séu ekki í umferð

Til að skjöl séu vistuð í gæðahandbók þurfa þau að uppfylla ákveðnar kröfur og um það gildir verklagsregla um stýringu gæðaskjala, stofnun, samþykkt, útgáfa og endurskoðun. Í gæðahandbók eru vistuð stefnuskjöl skólans, verklagsreglur, vinnulýsingar, leiðbeiningar, eyðublöð, gátlistar auk starfslýsinga. Í Gæðahandbók BHS eru nú vistuð um 140 skjöl af áður nefndum toga. Skjölín eru vistuð í CCQ gæðastjórnunarlausninni sem heldur utan um stjórnkerfið samkvæmt ISO stöðlum, persónuverndarlögum, kröfum annarra staðla og reglna og kröfum skólans.

Borgarholtsskóli hefur starfandi úttektarteymi sem framkvæmir innri úttektir á gæðakerfi skólans með áherslu á jafnlaunakerfi hans. Markmiðið með fyrrgreindum úttektum er að fara yfir gæðaskjöl skólans sem tengjast jafnlaunakerfinu. Á vorönn 2022 var lögð áhersla á neðangreind atriði en áhersluatriði eru mismunandi milli ára eins og sjá má í sjálfsmatsskýrslum.

- Starfslýsingar
- Rýni stjórnenda
- Ábendingar og umbætur
- Framkvæmd launagreiningar
- Innri úttektir
- Samskipti við ytri aðila

Áfangakannanir eru lagðar fyrir á hverri önn og tók stefna skólans breytingum við upphaf skólaárs 2020-2021 en þá var ákveðið að leggja þær fyrir í öllum áföngum skólans bæði í dagskóla og dreifnámi en áður hafði það verið í úrtaki áfanga hverja önn. Tilgangurinn var að veita kennurum tíðari endurgjöf á áfanga sína en áður. Niðurstöðurnar fá kennarar í gegnum INNU og eru þær trúnaðarmál milli kennara og stjórnenda. Í kjölfar kannananna taka skólastjórnendur viðtal við ákveðið úrtak en stefnan er að því á þriggja ára tímabili fái allir kennarar slíkt viðtal. Svarhlutfall á haustönn 2020 var 57% í dagskóla og 70% í dreifnámi en á vorönn 2021 var það 47% í dagskóla og 61% í dreifnámi. Á skólaárinu 2021-2022 var svarhlutfallið 48% á haustönn og 42% á vorönn í dagskóla. Svarhlutfall undangenginna anna/ára hefur verið á bilinu 42%-68%. Þegar heildarniðurstöður haustannar 2021 eru skoðaðar þá eru nemendur ánægðastir með „Útskýringar og fyrirmæli kennara í áfanganum eru skýr“ eða 81% en minnst ánægja er með „Námsgögnin vekja áhuga minn á efni áfangans“ eða 63%. Á vorönn 2022 eru nemendur ánægðastir með „Kennsla í áfanganum er almennt góð“ eða 83% en minnst ánægðir með „Námsgögnin vekja áhuga minn á efni áfangans“ eða 66%. Heildarniðurstöður eru birtar í árlegri sjálfsmatsskýrslu skólans á vef.

Starfsmannasamtöl fara fram bæði á haust- og vorönn. Á skólaárinu 2020-2021 fóru þau fram með nýju sniði þ.e. fulltrúar í yfirstjórn, sviðstjórar og fóstura mætingar og umsjónar skiptu með sér að taka samtölin. Þau voru áætluð 15 mínútur og með ákveðnu þema fyrir utan að ræða alltaf um líðan starfsfólks. Þema samtalanna haustið 2020 var starfsumhverfið í Covid-19 aðstæðum en þema samtalanna á vorönn 2021 var starfsþróun og endurmenntun. Á haustönn 2021 var þema samtalanna vinnuaðstaða starfsfólks en það var ákveðið í framhaldi niðurstaðna starfsmannakönnunar haustið 2020. Á vorönn 2022 var þemað starfslýsingar starfsfólks og var það ákveðið eftir niðurstöður innri úttektar á úrtaki starfslýsinga.

Viðhorfskannanir eru lagðar fyrir nemendur árlega á haustönn en markmiðið með þessum könnunum er að kanna viðhorf nemenda á ýmsum þáttum skólastarfsins. Kannanirnar hafa verið lagðar fyrir í tvennu

lagi, annars vegar fyrir nýnema og hins vegar fyrir eldri nemendur. Tilgangurinn er að ná betur að aðgreina víska þætti í svörum þessara hópa. Svarhlutfall nýnema haustið 2022 var 42,8%, árið 2021 var það 51% og árið 2020 59% en hjá eldri nemendum er svarhlutfallið alltaf lægra eða 28,5% haustið 2022, 34% árið 2021 og 41% árið 2020. Á haustönn 2022 var meðal annars spurt um andrúmsloftið í skólanum, móttöku nýnema, aðgengi að kennurum, umsjónarkennara, jafnrétti, fordóma, félagsstarf, vinnuaðstöðu, heimanám, stuðningsþjónustu, lífshætti, mótuneyti og vinnu með námi. Kannanirnar eru keimlíkar frá ári til árs og því má bera þær saman og sjá viðhorfsbreytingar milli ára hjá nemendum. Heildarniðurstöður eru birtar á vef skólans.

Viðhorfskannanir eru lagðar fyrir starfsfólk að jafnaði annað hvert ár og var síðasta könnun á vorönn 2022 og var markmiðið að kanna viðhorf starfsfólk á ýmsum þáttum skólastarfsins. Svarhlutfall vorið 2022 var 47% en meðal annars var spurt um samskipti við nemendur, endurmenntun, vinnu með samstarfsfólki, framtíðarsýn og stefnu skólans, traust til stjórnenda, vinnufrið í kennslustundum, grunnþætti menntunar, skipurit, nýbreytni, hvatningu og hrós, einelti, skólabrag, gildi, vinnuaðstöðu, upplýsingagjöf, líðan og sveigjanleika í starfi. Niðurstöður eru birtar á vef skólans.

Þá er Borgarholtsskóli þátttakandi í könnuninni Ungt fólk en síðustu niðurstöður bárust á vorönn 2022. Einnig tekur BHS þátt í könnuninni Stofnun ársins sem er framkvæmd af SFR og lögð fyrir opinberar stofnanir hjá ríki og sveitarfélögum.

Sjálfsmatsskýrsla skólans er gefin út árlega og birt á heimasíðu skólans. Skýrslan er yfirlit yfir þau verkefni sem í gangi hafa verið það skólaárið og sýnir mikilvægi þess að halda úti öflugum gæðastarfi.

Styrkleikar

- Skólinn hefur markað sér skýra stefnu sem birt er í Stefnuskra BHS og endurspeglast í starfi hans
- Lögð er áhersla á Grunnildi skólans og að gera þau sýnileg
- Skólanámskrá er uppfærð reglulega
- Skýr verkaskipting stjórnenda, mikið samráð og samvinna í stjórnendateymi og vikulegir fundir
- Almennt traust ríkir til stjórnenda að mati starfsfólks og starfsfólki er treyst fyrir sínum stöfum
- Skólameistari gegnir faglegu leiðtogahlutverki, er metnaðarfullur og sýnilegur
- Lýðræðislegir stjórnunarhættir og árlegir lýðræðisfundir nemenda um málefni skólans
- Virkt kerfi sviðsstjóra, deildarstjóra, brautarstjóra og fagstjóra og reglulegir fundir
- Lýðræðisfundir eru haldnir reglulega með þátttöku nemenda og starfsfólks
- Aðgengi að stjórnendum er gott
- Loftlagsstefna, umhverfisstefna, samgöngusamningur við starfsfólk og rafbílar
- Áhersla á jafnréttismál, jafnréttisáætlun, jafnréttisnefnd, árlegan jafnréttisdag og verkferla tengdum eineltismálum (EKKO)
- Jafnlaunavottun og fjöldi stefnuskjala, verklagsreglna og gátlista um framkvæmd jafnlaunakerfis í gæðahandbók
- Starfsmannastefna og samskiptareglur BHS
- Formleg starfsmannasamtöl með faglegu þema eftir önnum
- Persónuverndarstefna og fjöldi verklagsreglna í gæðahandbók um framkvæmd stefnunnar
- Heilsustefnu og viðurkenningar skólans á því sviði sem og í Lífshlaupinu
- Skólanefnd er góður bakhjarl stjórnenda og skólans
- Vel skipulagt gæðastarf og grunnur að gæðahandbók skv. ISO9001 gæðakerfinu
- Öflugt upplýsingaflæði, svo sem heimasíða, Boðberinn, Fréttabréf, Nema hvað?, samfélagsmiðlar
- Ársskýrslur og sjálfsmatsskýrslur eru aðgengilegir á vef skólans

Tækifæri til umbóta

- Virkja betur samráð við skólanefnd og foreldra m.a. við mótun stefnu skólans
- Klára vinnslu við að uppfæra Stefnuskra skólans frá árinu 2016
- Uppfæra skipurit til samræmis við starfsmannabreytingar
- Halda markvisst áfram vinnu við Græn skref í ríkisrekstri
- Hækka svarhlutfall í starfsmannakönnunum
- Hækka svarhlutfall nemenda í áfangakönnunum
- Vinna markvisst áfram að heildstæðu gæðakerfi og gæðahandbók fyrir skólann skv. ISO9001 kerfinu
- Gæðamarkmiðum, markmiðum í þriggja ára stefnuskjali og markmiðum ársins um umbætur má samræma og birta árlega niðurstöður/stöðu þeirra í skýrslu um innra mat og/eða ársskýrslu skólans.

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Nám og kennsla

Í Stefnumskrá Borgarholtsskóla er kafli um nám og kennslu er þar segir;

Í Borgarholtsskóla eru öllum nemendum tryggð jöfn tækifæri til góðrar menntunar sem og námsleiðir við hæfi hvers og eins. Kennsluhættir og námsmat eru fjölbreytt og nemendur hvattir til að bera ábyrgð á eigin námi. Kostir upplýsingatækni og fjarkennslu eru nýttir og nemendur í iðn- og starfsnámi fá fjölbreytta þjálfun á vettvangi. Lögð er áhersla á námsástundun, námsframvindu og að draga úr brotthvarfi. Á öllum námsbrautum eru grunnþættir menntunar hafðir í heiðri: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Miðlun upplýsinga er skilvirk og áreiðanleg og eru nemendur vel upplýstir um kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Allt eru þetta atriði sem kallast á við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna enda kom fram í rýnihópum sviðstjóra og fagstjóra að heimsmarkmiðin endurspeglar í öllu skólasterfinu.

Skólanámskrá Borgarholtsskóla er aðgengileg á vef skólans og felur í sér sýn skólans á menntun og útfærir þá menntastefnu sem skólinn hefur sett sér. Henni er ætlað að vera upplýsingaveita fyrir nemendur, foreldra og forsjáraðila, starfsfólk og hagsmunaaðila sem tengjast skólanum. Skólanámskráin byggir á aðalnámskrá frá 2011 með breytingum frá 2015 og framhaldsskólalögum nr. 92 frá 2008. Á vef skólans er að finna þann ramma sem skólasterfinu er sniðinn og skólanámskrá byggir á. Nokkuð langt er síðan hætt var að gefa skólanámskrána út á pappír en á vef skólans eru birtar þær upplýsingar sem áður voru prentaðar. Þá nær gæðahandbókin yfir marga þætti skólasterfsins og er hún einnig birt á vef skólans. Áfangastjóri er ritstjóri skólanámskrár og í máli hans kom fram að námskránni væri skipt í tvennt annars vegar námið og námsbrautir og hins vegar væru stefnuskjöl og utanumhald skólans. Uppfærsla og viðhald á námsbrautum og áföngum kemur mest frá kennurum og annað er unnið af starfsgreinarráðum og atvinnulífi eins og í bílunum. Vinnan felst þannig í að gera nýjar brautir og viðhalda þeim sem þegar eru til. Í máli aðstoðarskólameistara kom fram að skólareglur væru uppfærðar reglulega og oft í ljósi breyttra aðstæðna og nýrra þátta í skólasterfi sem taka þyrfti á.

Borgarholtsskóli býður upp á fjölbreyttar námsleiðir. Námsvið skólans eru fjögur eða iðn- og starfsnám, bóknám, listnám og undirbúnings- og sérnáms. Iðn- og starfsnám skólans skiptist í bíltæknibrautir sem eru

Þrjár það eru bifreiðasmíði, bifvélavirkjun og bílamálun, málm- og véltæknibrautir sem eru fimm það eru blikksmíði, rennismíði, stálsmíði, vélvirkjun og pípulagnir og starfsnám fyrir félagsliða og leikskólaliða. Bóknámssvið býður upp á nám til stúdentsprófs á félags- og hugvísindabraut, náttúrufræðibraut og viðskipta- og frumkvöðlabraut en samhliða námi á bóknámsbrautum geta nemendur stundað nám á afreksípróttasviði. Á listnámssviði eru þrjár brautir það er í kvikmyndagerð, grafískri hönnun og leiklist. Á undirbúnings- og sérnámssviði eru starfræktar framhaldsskólabraut og sérnámsbraut. Þá er hægt að taka viðbótarnám til stúdentsprófs úr verk- og listnámi. Einnig býður skólinn upp á dreifnám af málm- og véltæknibrautum og úr starfsnámi fyrir þá sem vilja stunda nám með vinnu.

Innritunarreglur BHS eru skýrar og skilgreindar fyrir hvert svið um sig. Innritunarreglur eru birtar á vef skólans. Skólastarfið er skipulagt á tveimur önnun haustönn og vorönn en innan þess tíma er annars vegar heilstæður námstími og hins vegar lotur í verknámi. Kennsluáætlun er samræmd og samkvæmt gæðahandbók eru gefin út tvö form kennsluáætlunar fyrir önnina alla og fyrir lotunámið. Á hverri önn eru tvær Vörðuvikur sem eru ætlaðar til að veita nemendum upplýsingar um stöðu þeirra í einstökum áföngum og ræða framvindu námsins við kennara sína, sjá kaflann um námsmat. Notast er við námskerfið INNU og nemendur hafa aðgang að námsáætlun, stundatöflu og bókalista í INNU. Val nemenda fer fram í INNU en þau sem vilja aðstoð við að skrá eða breyta vali geta haft samband við áfangastjóra eða náms- og starfsráðgjafa og nýnemar fá aðstoð við valið í umsjónartímum. Nemendur eru almennt með tölvur í öllum áföngum. Í ferilbók skrá iðnnemar og umsjónaraðilar/meistarar þau verkefni sem neminn hefur öðlast færni í á vinnustaðnum. Brautskráning fer fram í lok hvorrar annar í desember og maí.

Nám og kennsla hefur borið þess merki allt frá árinu 2020 að heimsfaraldur Covid-19 hefur geisað með grímuskyldu, fjarnámi og fjarlægðartakmörkunum en skólastarf á yfirstandandi skólaári hefur að mestu verið áfallalaust hvað þetta varðar.

Í námskrá Borgarholtsskóla kemur fram að stöðugt sé leitað leiða til að auka gæði náms og kennslu. Fjölbreyttar nám og kennslu- og námsmatsaðferðir eiga að vera í fyrirrúmi, hvatt er til nýsköpunar í kennslu og þverfaglegs samstarfs. Fagleg markmið skulu höfð að leiðarljósi varðandi ákvörðun um fjölda nemenda í námshópum. Fjölbreytt þróunarverkefni og starfendarannsóknir skulu vera hluti af framsækinni starfsþróun. Ýtt verði undir endurmenntun kennara. Áhersla verði á upplýsingalæsi í námi og kennslu, og hagnýtingu upplýsingatækni eins og kostur er. Vegferð útskrifaðar nemenda verði markvisst könnuð í því skyni að meta gæði árangur kennslu og skólastarfs. Sem og að námsframboð verði þróað í tengslum við önnur skólastig og atvinnulíf.

Í rýnihópi kennara kom fram að kennsluhættir í verknáminu væru fjölbreyttir. Námið væri verkefnamiðað, og margir þættir metnir sem kannski er ekki hægt að koma fyrir í stóru lokaprófi. Námsgögn eru kominn inn í INNU og eiginlegum námsbókum fer fækkandi. Reynt væri að hafa efnið sjónrænt og INNA býður upp á mikinn fjölbreytileika í kennsluháttum. Verknámið fer töluvert í vettvangsferðir í fyrirtæki, en nemendur eru að koma almennt yngri inn í verknámið en áður var eða beint úr grunnskólum. Aldursdreifing er mikil í verknáminu og samskipti kennara og nemenda jákvæð. Umsjón með nemendum er fagleg, vinnufriður, samskipti, andrúmsloft og skólabragur í skólanum góður. Umburðarlindi er einkennandi hvar í deild sem nemendur eru.

Nemendur eldri en 18 ára bentu á að kennsluhættir væru mjög fjölbreyttir, en það mætti kenna meira með leikjum og hópavinnu. Bóklegu tímarnir væru aðeins einsleitari en verklegu tímarnir sem væru alltaf skemmtilegir. Sjónrænt efni, eins og myndbönd, er mikið notað og verkefni krefjast virkni nemenda. Námsmatið er verkefnaþætt og nemendur geta oft nýtt sér þekkingu úr öðrum áföngum. Lotunámið í verknáminu virkar vel og nemendur hafa ýmsar leiðir til að vinna úr þeim verkefnum sem eru lögð fyrir. Samskipti, samstarf og skólabragur er góður að mati nemenda. Aðstaða til náms er ágæt og þjónusta góð, hvort sem um er að ræða námsráðgjöf, bókasafn, kennslu eða aðra þjónustu. Borgarholtsskóli er fjölbreyttur og allir nemendur hafa sína rödd, bera virðingu fyrir stofnuninni og starfsemi hennar. Nemendur koma víða að og skólinn vinnur eftir sínum grunnildum sem; jafnrétti, sjálfsagi, náungakærleikur, sköpun og framsækni. Tekið er á móti nemendum þegar þeir mæta á morgnanna og það skapar öryggi innan veggja skólans. Í máli nemenda yngri en 18 ára kom fram að flest verkefni eru unnin í gegnum tölvur. Verkefni eru oftast einstaklingsverkefni sem kennari leggur inn og síðan eru verkefni unnin. Hóp- og samvinnuverkefni eru t.d. í íslensku og ljósmyndun. Námsmatið er svo til eingöngu verkefnaþætt og nemendur eru sáttir við það. Grunnildi skólans eru upp um alla veggja, en yngri nemendur en 18 ára eru ekki eins meðvitaðir um þau og eldri nemendur virðast vera. Nemendur sýna sjálfstraust í fasi og benda á að þó ekki sé valin bóknámsbraut þá er ekki lokað fyrir framhaldsnám á öðru skólastigi.

Í viðhorfskönnun meðal starfsfólks á haustönn 2020 kemur fram að 95% þátttakenda segir að samskipti við nemendur einkennist af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu. 86% nemenda finnast kennarar almennt sanngjarnir og jákvæðir í viðhorfskönnun meðal nemenda á haustönn 2020. kemur þó fram að nemendur í dagskóla meta kennsluhætti verr en dreifnámsnemendur.

Stuðningur við nemendur

Stoðþjónusta Borgarholtsskóla samanstendur af tveimur náms- og starfsráðgjöfum fósturu mætinga og umsjónar, námsveri, auk fulltrúa framhaldsskólabrautar. Starfslýsing náms- og starfsráðgjafa er birt í gæðahandbók skólans en hlutverk þeirra er að vera trúnaðarmenn nemenda og aðstoða þá við lausn persónulegra erfiðleika sem hindra þá í námi. Einnig að standa vörð um velferð nemenda á sem breiðustum vettvangi, leita lausna í málum þeirra og gæta þess að nemendur búi við jafnrétti og að réttlætis sé gætt gagnvart þeim. Náms- og starfsráðgjafar BHS safna saman upplýsingum um nám og störf, fræða nemendur um námstækni og sinna tengslum við önnur skólastig. Hjúkrunarfræðingur er með viðveru í skólanum eftir hádegi á miðvikudögum og annan hvern fimmtudag og geta nemendur bókað tíma hjá honum á vef. Nemendur hafa aðgang að sálfræðiþjónustu og tekur skólinn þátt í kostnaði í byrjun. Í viðtali við náms- og starfsráðgjafa kom fram að um það bil 20% nemenda virðist eiga í einhverjum vanda, svo sem vegna kvíða, viðveru, náms eða annarra vandamála. Nemendur eru ekki feimnir við að sækja þjónustu til náms- og starfsráðgjafa og fyrst eftir Covid-19 komu upp mörg stór og erfið mál að þeirra sögn en það virðist vera að lagast. Venjulega er róðurinn þyngri á vorönn en haustönn og á það sérstaklega við þá sem ekki hafa sinnt verkefnaskilum reglulega. Þá getur það reynst erfitt að ljúka stúdentsprófi á þremur árum. Í verknáminu er mjög gott utanumhald um nemendur og þeir leita ekki mikið til náms- og starfsráðgjafa en nemendur í listnám og bóknám sækja mest í þjónustu skólans að mati náms- og starfsráðgjafa.

Fóstra mætingar og umsjónar skipuleggur og sér um framkvæmd umsjónarkerfis skólans og hefur eftirlit með mætingu og ástundun nemenda. Fóstra sér til þess að þeir nemendur sem á þurfa að halda njóti þjónustu umsjónarkennara og að umsjónarkennarar séu upplýstir um hlutverk sitt og skyldur. Fóstra hefur samband við þá nema sem ekki hafa stundað nám sitt í samræmi við reglur um mætingar og námsframvindu. Ólögráða nemendum á fyrsta ári er skipaður umsjónarkennari og hafur hann einn umsjónartíma á viku í stundatöflu. Umsjónartími og lífsleiknikennsla er samþætt í þeim tilgangi að halda vel utanum nemendur við upphaf skólagöngunnar. Umsjónarkennarar leiðbeina nemendum um skipulag náms og skólastarfs og um þjónustu skólans. Eldri nýnemar og nemendum á öðru ári hafa einnig umsjónarkennara sem fylgist með ástundun, leiðbeinir þeim um námsval og veitir þeim upplýsingar um skólastarfið.

Námsver skólans er staðsett á bókasafni skólans og býður nemendum aðstoð við heimanám og veitir nemendum með annað tungumál en íslensku sérstakan stuðning en ekki er boðið upp á sérstaka stöðtíma í fögum. Í námsverinu stendur nemendum til boða auk námsstuðnings, hraðlestrarnámskeið, lesskilningsþjálfun, orðaforðakennsla, aðstoð við verkefni og ritgerðir og aðstoð við próftöku. Námsverið er opið öllum nemendum skólans. Bókasafn BHS er vel staðsett í bóknámshúsi skólans og aðstaðan þar er góð. Vinnuaðstaða fyrir einstaka nemendur, hópa og kennslu undir leiðsögn kennara er til staðar á safninu. Safnið er vel búið og fjölbreytt og lánar bæði bækur og fartölvur og annan búnað til nemenda og kennara. Nemendur hafa daglegan aðgang að safninu og fá aðstoð starfólks ef á þarf að halda. Bókasafnsfræðingur sér um að viðhalda bókakosti, tímaritum og þeim búnaði sem þarf til að halda þjónustu úti fyrir bókasafnið.

Námsmat

Námsmat í Borgarholtsskóla er fjölbreytt og eru kennara hvattir til að kynna sér nýjungar á því sviði. Námið er verkefnamiðað og einkunnir eru gefnar á grundvelli leiðsagnarmats án formlegra lokaprófa og þar af leiðandi er enginn formlegur prófatími í lok annar. Oftast liggja margir matsþættir undir í hverju fagi eins og fram kom í rýnihópi kennara. Þessu námsmati er ætlað að dreifa álagi á nemendur og stuðla að bættum vinnubrögðum. Námsmati er ætlað að meta hvernig nemanda hefur gengið að tileinka sér námsmarkmið í áfanga. Í kennsluáætlun hvers áfanga kemur fram hvernig námsmati er háttað og er það kynnt fyrir nemendum í upphafi annar. Tvisvar á önninni fer fram Vörðumat sem gefið er öllum nemendum að undanskildum þeim sem eru í lotunámi. Það er skráð í INNU sem miðannarmat og er umsögn um ástundun svo sem virkni í tímum, heimavinnu, verkefnaskil, einkunnir á skyndiprófum og mætingar og á þannig að vera hvatning til nemenda um að taka sig á eða halda áfram á réttri braut. Eftirfarandi einkunnarskali er notaður við vörðumat:

- A = Afar góð ástundun. Þú stundar námið mjög vel og getur náð mjög góðum árangri í áfanganum
- G = Góð ástundun. Þú stundar námið nægilega vel til að ná árangri í áfanganum.
- V = Varla viðunandi. Þú þarft að bæta það sem fram kemur í umsögninni. Ræðum það nánar í viðtalinu.
- Ó = Með þessu áframhaldi nærðu ekki árangri, sjá ástæðuna í umsögninni. Ræðum stöðuna nánar í viðtalinu.

Einkunnir í lok annar eru gefnar í heilum tölum frá 1 til 10. Einkunnin 10 vísar til þess að 95-100% námsmarkmiða hafi verið náð og einkunnin 5 vísar til þess að 45-54% náms markmiða hafi verið náð. Lágmarkseinkunn í áfanga er 5. Nemandi er heimilt að útskrifast með einkunnina 4 eða D ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða.

Kennarar

Í tölulegum upplýsingum frá skólanum kemur fram að kennarar eru 102 við skólann og kynjaskiptingin er 50 karlar og 52 konur. Í hópi kennara skólans hafa 48 einstaklingar lokið háskólaprófi á meistarastigi auk kennsluréttinda og 27 eru með BA/BS-próf auk kennsluréttinda. Tveir kennarar hafa háskólapróf án kennsluréttinda. 24 kennarar hafa lokið meistaraprófi í iðngrein auk kennsluréttinda, eins og sjá í töflu 10. Samtals 16 kennarar hafa skemmri starfsaldur en fimm ár. Af því má ráða að nokkur endurnýjun hefur átt sér stað í kennarahópnum þar sem einn þriðji kennara hefur styttri starfsaldur en tíu ár eins og sjá má í töflu 11. Hins vegar hafa 40 kennarar lengri starfsaldur en 20 ár og fram kom í máli kennara og aðstoðarstjórnenda að BHS væri góður vinnustaður og algengt væri að kennaranemar skólans komi til starfa við skólann að loknu námi. Í rýnihópum nemenda kom fram að kennslan væri góð, námsmatið sanngjarnt, samskipti við kennara gangi almennt vel og skólabragur væri góður. Starfsmannavelta í Borgarholtsskóla er mest árið 2018 eða 19,86 og minnst árið 2019 eða 7,94 samanber töflu 12. Á árinu 2022 voru 10 stundakennarar við skólann á vorönn sem kenndu samtals 34 kennslustundir á viku eða 3,4 kennslustundir að jafnaði hver og 13 stundakennarar á haustönn 2022 sem kenndu samtals 29 kennslustundir á viku eða að jafnaði 2,2 kennslustundir hver. Tvö stöðugildi voru í forfallakennslu á haustönn 2021 og 3 á vorönn 2022.

Námsgögn

Í rýnihópum nemenda og kennara kom fram að námsgögn eru mikið komin á INNU og bókum fer fækkandi. Í verkefnamiðuðu námi nýta kennarar gögn víða að og töluvert er um ítarefni á INNU. Í auknu mæli er unnið með sjónrænt efni og glærupakka. Myndbönd og efni af Youtube eru notuð til kennslu í nokkrum greinum og vettvangsferðir veita nemendum innblástur. Fram kom hjá nemendum að námsefnið væri misjafnt milli áfanga og allt frá því að vera gömul bók yfir í áskrift að hugbúnaði Adobe fyrir listnám. Í áfangakönnun er það spurningin „námsgögnin vekja áhuga minn á áfanganum“ sem oftast kemur verst úr í svörum nemenda en aðeins 63% nemenda eru sammála því í áfangakönnun á haustönn 2021 og 66% á vorönn 2022.

Styrkleikar

- Skýr stefna skólans í Stefnuskrá um nám og kennslu
- Skólanámskrá er aðgengileg á vef skólans og útfærir menntastefnu BHS
- Fjölbreytt námsframboð á fjórum kennsluviðum
- Uppsetning námsbrauta er skýr á vef skólans
- Innritunarreglur eru skýrar og skilgreindar eftir sviðum BHS
- Samræmdar kennsluáætlanir samkvæmt gæðahandbók
- Fjölbreytt verkefnaþema námsmat, símat
- Tvær Vörðuvikur á önn
- Vel menntaðir kennarar í bóknámi og verknámi
- Yfirgripsmikil stoðþjónusta við nemendur
- Umsjónarkerfi og Fóstra mætinga og umsjónar
- Námsver til stuðnings fyrir alla nema með áherslu á nema af erlendum uppruna
- Móttaka nýnema er fagleg og vel er tekið á móti nemum hvern dag
- Kennarar eru hvattir til þróunarstarfa og símenntunar
- Kennsluáferðir eru fjölbreyttar í verknámi
- Vinnufriður í kennslustundum er góður
- Grunnþættir náms eru hafðir að leiðarljósi
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna endurspeglast í skólastarfinu
- Námsgögn eru í auknu mæli rafræn á INNU

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að fjölbreyttari kennsluháttum í bóknámi
- Leita leiða til að virkja nemendur sem gengið hafa í gengum Covid tímabilið
- Halda áfram að efla þjónustu við nemendur af erlendum uppruna
- Hvetja leiðbeinendur til að afla sér kennsluréttinda
- Auka stuðning við þann hóp nema sem eiga við kvíða, námsörðugleika, mætingu og önnur vandamál að etja
- Ýta undir ákveðnari þátttöku nemenda í bóklegum tímum
- Styrkja samtal kennara og stjórnenda um stefnumótun og breytingar og þróun á skólastarfi

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Skólabragur og líðan

Starfsemi Borgarholtsskóla byggir á einkunnarorðum skólans sem eru agi, virðing og væntingar og grunngildum skólans sem eru jafnrétti, sköpun, sjálfsagi, framsækni og náungakærleikur. Þá er lögð áhersla á jákvætt og hlýtt viðmót gagnvart nemendum. Í Stefnuskra Borgarholtsskóla segir að;

Jákvæður skólabragur sé aðalsmerki skólans. Samskipti fólks einkennast af gagnkvæmri virðingu en samvinna, gleði og eftirvænting einkenna daglegt starf. Hlúð er að mannauði skólans með því að skapa bestu skilyrði fyrir velferð, vellíðan og heilbrigði allra. Í því skyni er lögð áhersla á heilnæm starfsskilyrði, starfsumhverfi og menntun til heilbrigðis; hver og einn fær tækifæri til að nýta hæfileika sína til fulls. Starfsfólk og nemendur njóta styrkrar forystu, hvatningar og stuðnings. Lýðræðisleg vinnubrögð, sem stuðla að samræðu, jafnræði og gagnsæi, eru í hávegum höfð.

Í Stefnuskra skólans segir jafnframt að til að stuðla að jákvæðum og heilbrigðum skólabrag í Borgarholtsskóla verði unnið með samskipti, samstarf og samkennd, gæðamál og eftirfylgni og umgengni og aðbúnað.

Í viðtali við skólameistara kom fram að skólabragur einkennist af væntumþykju og náungakærleik. Sérstaða skólans er mikill fjölbreytileiki í námsframboði og fjölbreytileiki í nemendahópnum. Áhersla er á að Borgarholtsskóli sé einn skóli þrátt fyrir ólík svið innan hans og að sem flestir komi að ákvarðanatöku innan skólans. Félagslíf nemenda væri öflugt, boðleiðir væru stuttar og skrifstofur stjórnenda alltaf opnar. Mikil erlend samskipti einkenndu skólann og gott mötuneyti setur svip á skólabraginn. Þá nefndu aðstoðarstjórnendur að skólabragur og sérstaða skólans felist í hlýlegum og góðum samskiptum og virðingu milli starfsfólks og nemenda. Mikil fjölbreytni væri í nemendahópnum, „hér er pláss fyrir alla“ en þau vilja vera í skólanum vegna þess að þeim líður vel hér. Áhersla væri á nýsköpun og listnámsbrautin og grafísk hönnun búi til sérstöðu sem og kvikmyndabrautin sem er í góðum tengslum við atvinnulífið og vinnur verkefni utan skólans. Þá er Borgarholtsskólinn eini skólinn sem býður nám í öllum bíliðngreinunum þremur. Sviðin og brautirnar mynda hópa kennara og nemenda innan skólans þar sem mikil samvinna og eining er í gangi en lögð er áhersla á að BHS sé einn skóli.

Í rýnihópum starfsfólks kom fram að andrúmsloftið og skólabragurinn væri góður og samskipti gangi mjög vel. Umburðarlyndi væri ríkjandi í öllum deildum skólans og almennt góð líðan innan

starfsmannahópsins. Framkoma nemenda væri oftast til fyrirmyndar, umgengni góð og lítið um skemmdarverk. Nefnt var að kennarar hefðu tvær kaffistofur, verknámið væri sér þannig að hópurrinn væri dálítið tvískiptur en verknámskennarar væru þó duglegir að vera á báðum stöðum. Líttleiki væri almennt meðal starfsfólks, orðræðan væri jákvæð, þetta væri góður skóli og góður vinnustaður.

Í máli nemenda kom fram að að Borgarholtsskóli væri fjölbreyttur og að „allir eigi sína rödd“. Nemendur eru ekki hræddir við að tjá sig og „við fáum að vera eins og við erum“. Skólinn er ekki „týpu“ skóli þar sem allir eru eins. Nemendur bera virðingu hver fyrir öðrum og starfsfólki og segjast ekki hafa séð einelti í skólanum. BHS væri skemmtilegur, þægilegur og góður skóli að þeirra mati. Nemendur koma víða að sem segir að skólinn sé áhugaverður. Tekið sé á móti nemendum þegar þeir mæta í skólann á morgnana og það skapi öryggi og tengsl innan veggja hans. Jafnrétti er gott í skólanum að þeirra mati. Vissulega halda brautirnar þétt saman og blandast lítið á milli nema í almennu greinunum. Auðvelt væri að eiga samskipti við stjórnendur skólans og sækja þá þjónustu sem þau þurfa á að halda svo sem á bókasafn eða til náms- og starfsráðgjafa og hjúkrunarfræðings.

Í starfsmannastefnu skólans sem er ætlað að stuðla að góðum starfsanda og vera til hvatningar og upplýsingar fyrir allt starfsfólk skólans eru birtar samskiptareglur skólans er þær eru;

1. Við sýnum hvert öðru gagnkvæma virðingu.
2. Við erum heiðarleg í samskiptum.
3. Við hrósum fyrir það sem vel er gert.
4. Við sýnum hlýlegt og jákvætt viðmót.
5. Við leysum vandamálin með bros á vör.
6. Við vinnum saman að lausn mála.
7. Við erum stundvís.
8. Við gagnrýnum á uppbyggilegan hátt.
9. Við sýnum hvert öðru hjálpsemi.
10. Við höldum boðleiðum stuttum og opnum.

Þá er í skólareglum BHS sérstakur kafli um samskipti, samfélagsmiðla og myndatökur;

- Samskipti milli einstaklinga skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og kurteisi, bæði innan skólans og utan.
- Sú gagnkvæma virðing og kurteisi skal jafnframt endurspeglast í allri umræðu á samfélagsmiðlum, hvort sem umræðan er við aðra einstaklinga í skólanum eða um þá.
- Virða skal reglur og lög um persónuvernd í samskiptum og á samfélagsmiðlum. Gæta þarf sérstaklega að því að halda trúnað um persónuupplýsingar einstaklinga sem nemendur kunna að verða áskynja í skólastarfinu.
- Allar myndatökur og/eða upptökur af einstaklingum eru óheimilar án leyfis viðkomandi aðila. Gildir það alls staðar í skólahúsnæðinu og á skólalóð enda brýtur slíkt gegn lögum og reglum um persónuvernd.

Í viðhorfskönnun meðal starfsfólks á vorönn 2022 telja 86% svarenda að skólabragurinn sé jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu og 93% telja sig leggja sitt af mörkum til að viðhalda góðum starfsanda, liðsheild og jákvæðum skólabrag, 91% starfsfólks líður vel í vinnunni og 91% er ánægður

í starfi. Í sambærilegri könnun á haustönn 2020 töldu 76% skólabraginn jákvæðan, 95% töldu sig leggja sitt af mörkum til að halda jákvæðum skólabrag, 91% leið vel í vinnunni. Í könnuninni Stofnun ársins 2022 mældist starfsandinn í BHS 3,86 (af 5) og ánægja og stolt með vinnustaðinn 4,05 (af 5). Í sömu könnun árið 2020 mældist starfsandinn 3,83 og ánægja og stolt með vinnustaðinn 4,09.

Í viðhorfskönnun meðal nemenda haustið 2022 telja 79% nýnema að andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og virðingu en 68% eldri nema. 69% nýnema segja að þeim líði vel eða mjög vel þessa dagana en 57% eldri nema. Haustið 2020 svöruð einnig 79% nýnema að andrúmsloftið í skólanum einkennist af jákvæðni og virðingu en 58% eldri nema. 70% nýnema segja að þeim líði vel þessa dagana en 49% eldri nema.

Kappkostað er að fylgjast með líðan bæði nemenda og starfsfólks í BHS og lögð er áhersla á góða móttöku nýnema og umsjónarkerfi. Fóstora mætinga og umsjónar heldur utanum umsjónarkerfi og fylgist með mætingum. Aðgengi að stjórnendum, millistjórnendum og stoðþjónustu er gott og upplýsingaflæði til starfsfólks gegnum vikulegan póst stjórnenda Boðberann, fréttabréfi til foreldra og nemenda, vef skólans og samfélagsmiðla er mikið auk vikulegra funda með millistjórnendum. Samskiptasáttmáli er fyrir skólann og verklagsreglur og skólareglur taka með skýrum hætti á samskiptum og vinnulagi innan skólans. Þá hefur skólinn sett sér samskiptasamning „Samskiptasólin“ sem hönnuð er af kennara í grafískri hönnun á listnámsbraut skólans en orðin sem notuð eru voru ákveðin af öllu starfsfólki skólans á starfsdögum á vorönn 2022.

Samskipti í skólastofunni

Nám krefst aga eins og fram kemur í einkunnarorðum skólans: agi, virðing, væntingar. Viðmót nemenda, kennara og annars starfsfólks skólans einkennist af gagnkvæmri virðingu og nauðsynlegt er að nemendur beiti sjálfsaga en í kennslustofunni er kennarinn verkstjóri og setur þar nánari reglur sem nemendum ber að hlýða eins og fram kemur í skólareglum BHS.

Í rýnihópum nemenda töldu flestir að kennsluhættir væru fjölbreyttir en færri þó eftir fögum og bóklegu tímarnir væru aðeins einhæfari. Sumir töldu að kenna mætti meira með hópavinnu og leikjum til að hrista hópinn saman. Verklegir tímar væru alltaf skemmtilegir. Mest væri verið að nota tölvur og allir áfangar væru þannig og námið væri byggt á verkefnum og lítið um próf. Námsmatið væri algjörlega verkefnaþað og voru nemendur sáttir við það form og fannst námsmatið sanngjarnt en próf væru stressandi að þeirra mati. Vörðuvikurnar væru góðar til að átta sig á námslegri stöðu sinni. Þá kom fram hjá nemendum verknáms að lotunámið í verknáminu virkaði mjög vel. Kennarar væru sanngjarnir og hægt væri að fá andrými til að vinna verkefni og skilafrest í flestum greinum. Samskipti og samstarf í skólastofunni væri almennt mjög gott og í bóknáminu væri kannski of mikill vinnufriður og nemendur mættu vera meira lífandi. Einbeiting í kennslustundum hjá eldri nemendum væri meiri en þeim yngri þar sem hluti hópsins væri stundum í símanum eða að spjalla. Aðstaða til náms væri góð og þjónusta til fyrirmyndar hvort sem um er að ræða námsráðgjöf, bókasafn, kennslu eða aðra þjónustu. Þau væru með „quiet room“ sem væri vel virt og hægt væri að fá tölvur lánaðar á bókasafni. Þá væri þjónustan á skrifstofunni góð og auðvelt að fá leiðbeiningar ef spurningar vakna. Það vantaði hins vegar vinnuherbergi til hópavinnu og stólarnir á

göngum skólans væru óþægilegir. Skólareglur væru vel virtar að mati nemenda og lítið væri um árekstra milli nemenda og starfsfólks og aðgengi að stjórnendum væri gott og auðvelt að eiga samskipti við þá.

Í áfangakönnun á haustönn 2021 töldu 77% nemenda í dagskóla að námsáætlun væri skýr og námsmarkmið eins og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni væru raunhæf, 66% nemenda töldu kennsluhætti fjölbreytta, 77% nemenda töldu kennslu í áfanganum almennt góða og 79% að útskýringar og fyrirmæli kennara væru skýr. Í áfangakönnun vorannar 2022 töldu 78% nemenda í dagskóla að námsáætlun væri skýr og námsmarkmið eins og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni væru raunhæf, 65% töldu kennsluhætti fjölbreytta, 82% töldu kennslu í áfanganum almennt góða og 80% að útskýringar og fyrirmæli kennara væru skýr.

Í viðhorfskönnun nemenda haustið 2022 töldu 87% nýnema að kennarar í skólanum væru almennt sanngjarnir og jákvæðir en 79% eldri nema töldu það. 81% nýnema töldu vinnuanda/vinnufrið í kennslustundum góðan en 69% eldri nema. Í viðhorfshönnun starfsmanna á vorönn 2022 telja 79% þeirra góðan vinnufrið í kennslustundum og 99% starfsmanna telja samskipti sín við nemendur einkennast af gagnkvæmri virðingu.

Félagslíf nemenda

Nemendafélag skólans, NFBHS, gætir hagsmuna nemenda innan skólans, er bakhjarl þeirra í ráðum og nefndum og heldur uppi öflugum félagslífi innan skólans. Í Stefnuskrá skólans er áhersla lögð á félagslíf og félagsstarf en þar segir „Stutt sé dyggilega við bakið á félagslífi nemenda með því að skapa því aðstöðu innan veggja skólans og aðstoða við framkvæmd góðra hugmynda nemenda. Starfandi er sérstakt félags- og forvarnateymi stjórnenda og kennara nemendafélaginu til stuðnings. Í aðalstjórn NFBHS sitja fjórir nemendur, forseti og þrír meðstjórnendur en ekki er gjaldkeri þar sem fjármálastjóri skólans sér um þau mál fyrir NFBHS, þá sitja formaður leikfélags og formaður bíónefndar með stjórn. Margar nefndir starfa innan nemendafélagsins en þar má nefna: myndbandanefnd, skemmtinefnd, möndlunefnd sem selur möndlu kökur og bleik brauð þegar við á, hinseginnefnd, íþróttanefnd, hljómsveitarnefnd, bílanefnd eða iðnnemanefnd, málfundafélag og umhverfisnefnd.

Í rýnihópi stjórnar og félagslífsfulltrúa kom fram að nemendaráð hefur yfirumsjón með félagslífi nemenda og skipuleggur viðburði, en helstu viðburðir eru nýnemadagur, nýnemavika þar sem nýnemar eru hvattir til að vera með í félagsstarfinu og nýnemaball en í gæðahandbók skólans má finna gátlista um framkvæmd þeirra. Þá eru búningadagar, bíladagar, jólavika og glæsiball sem er árshátíð skólans og reynt er að vera með eitthvað í gangi í hádeginu. Þemadagar eru á vorönn eða Skóhlífadagar eins og þeir kallast og er þar vísað til árdaga skólans er nemendur og starfsfólk átti að nota bláar plasthlífar í skólanum. Gettu betur, Morfís, Söngkeppni framaldsskólanna og Leiktu betur eru fastir liðir í félagslífinu en Leiktu betur er hluti af Unglist listahátíð ungs fólks og lenti BHS í þriðja sæti í spunakeppninni Leiktu betur. Þá setur Appolo leikfélag skólans upp árlega leiksýningu og að þessu sinni er það Sexý í sveit. Fjáröflun eða Pop-up hefur verið haldin og Hinseginfélag skólans var nýlega með dragkeppni. Þá fóru framhaldsskólaleikarnir fram í fyrsta skipti 5. maí 2022 í samstarfi við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og Fjölbrautaskólann í Breiðholti, keppnisgreinarnar voru þrjár; þrautabraut, keila og píla. Þá hafa böllin komið vel út í samstarfi við aðra

skóla en haldin eru tvö böll á haustönn og þrjú á vorönn. Í gæðahandbók skólans er verklagsregla og verklags- og öryggisreglur um skemmtanir á vegum nemenda.

Þátttaka í viðburðum er misjöfn, skólinn er stór og fjölbreyttur og misjafn áhugi nemenda á viðburðum að sögn stjórnar NFBHS. Aðstaða nemendafélagsins er góð að mati stjórnar en umgengnin mætti vera betri. Þá þarf leikfélag að fara útfyrir skólann með sýningar sínar sem þeim þykir miður. Í auknu mæli hefur verið sett upp borðtennisborð, skákborð, þythokki borð sem svarar áhuga nemenda og borðspil eru á bókasafni. Nemendafélagsgjöld eru innheimt af skólanum og fjármálastjóri sér um fjármál félagsins í góðu samstarfi við forseta og gengur það vel að þeirra mati. Hinn árlegi lýðræðisfundur var haldinn 13. október og voru umræðuefnin þrjú að þessu sinni eða námið, skólinn og félagslífið nemendur ræða sín á milli en á hverju borði er kennari sem jafnframt er hópstjóri. Þegar kom að félagslífinu voru helstu niðurstöður að nemendur vildu fleiri viðburði á vegum nemendafélagsins, böll og fleiri klúbba. Fram kom hjá stjórninni að í Covid hefði dofnað yfir öll en væri nú að komast í gang aftur og í máli félagslífs- og forvarnarfulltrúa kom fram að núverandi stjórn væri einstaklega öflug.

Samskipti við foreldra/forráðamenn

Í BHS er árlegur kynningarfundur með foreldrum nýnema að hausti þar sem farið er yfir námsbrautir, val og stoðþjónustu og fyrirspurnum um skólastarfið svarað. Í Gæðahandbók skólans er gátlistar um skipulag foreldrakynningar í sal og í stofu. Þá er jafnframt í gæðahandbók móttökuáætlun fyrir nemendur af pólskum uppruna og aðra nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í Stefnumskrá BHS er áherslugrein um starf foreldraráðs en þar segir; „Starf foreldraráðs verði stutt. Ráðinu verði skapað svigrúm fyrir starfsemi sína og aðgengi þess að starfsfólki skólans tryggt.

Foreldraráð BHS starfar í samræmi við lög foreldraráð BHS frá apríl 2010 sem birt eru á vef skólans. Markmið félagsins er meðal annars að auka þekkingu og sýnileika forsjáraðila á réttindum og skyldum sínum og barna sinna, veita starfsfólki skólans stuðning, vera samráðs- og samstarfsvettvangur, auka samstarf skólans, nemendafélags og forráðamanna, vera bakhjarl skólans og standa vörð um réttindi nemenda til menntunar og farsæls þroska. Í foreldraráði sitja sex forsjáraðilar sem sitja til tveggja ára í senn en þrír eru kosnir árlega. Fundargerðir foreldraráðs eru birtar á heimasíðu skólans en sú síðasta er frá árinu 2021. Í viðtali við rýnihóp foreldraráðs kom fram að formlegir fundir eru tveir á ári en fleiri ef eitthvað kemur upp. Skólameistari boðar fundi og töldu foreldrar að samtal milli þeirra og skólans mætti vera meira til dæmis um heilbrigðan lífsstíl nemenda. Starfið í foreldrafélaginu snýst um að fá verðlaun fyrir edrúpott og raðavörslu á böllum og skipuleggja fyrirlestra fyrir foreldra eins og um samfélagsmiðla, kynlíf og sjálfsmynd. Þá ættu foreldrar fulltrúa í skólanefnd. Foreldrar voru sammála um að Borgarholtsskóli væri finni skóli og mjög vel væri fylgst með nemendum. Kennarar leggja sig fram um að þekkja nemendur skólans og mánaðarlega kæmi fréttabréf frá skólanum. Fyrirspurnum frá foreldraráði væri fljótt svarað og vefur skólans væri aðgengilegur. Í ársskýrslu skólans árið 2020 kom fram að við skólann væri öflugt forvarnastarf og almennt góður bragur á skemmtanahaldi nemenda. Grundvallaðist það á góðri samvinnu nemendaráðs, foreldraráðs og félagsmála- og forvarnateymis. Skólinn hefur átt gott samstarf við foreldra en með valkvæðu foreldrafélagsgjaldi sem innheimt hefur verið undanfarið ár hefur foreldraráð komið því til leiðar

að meðal annars voru keyptir áfengismælar til notkunar á böllum. Einnig voru fest kaup á fjórum taflborðum fyrir nemendur.

Samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Í Stefnuskrá Borgarholtsskóla er kafli um *Ábyrga samfélagsþátttöku* en þar segir að „Starfsfólk og nemendur Borgarholtsskóla eru meðvitaðir um skyldur sínar og mikilvægi virkrar samfélagslegrar þátttöku í nær- og fjærsamfélagi. Skólinn er fjölbreytt samfélag þar sem allir fá að njóta hæfileika sinna óháð félagslegum og menningarlegum bakgrunni“ þar segir jafnframt að skólinn skili vel menntuðum einstaklingum út í atvinnulífið og að skólinn efli samstarf við fyrirtæki og einstaklinga í atvinnulífinu. Í Gæðahandbók BHS er verklagsregla um samskipti við ytri aðila en reglan lýsir hvernig haldið er utan um samskipti við ytri aðila og upplýsingar til almennings. Verklagsreglan nær yfir samskipti við ytri aðila, vef Borgarholtsskóla, fréttatilkynningar, upplýsingar um nám og starfsemi, útgefið efni og kynningarfundir fyrir 10. bekkjunga en nemendum í efri bekkjum grunnskóla í nágrenni skólans er árlega kynnt námsframboð skólans með markvissum hætti. Þá fara nemendur í BHS í grunnskóla og hlusta á nemendur í yngri bekkjum æfa sig í lestri og nemendur í 10. bekk hafa getað tekið valáfanga í málm og í listnámi. Þá er gott samstarf við Borgarbókasafn í Menningarhúsinu í Spöng þar sem nemendur í grafískri hönnun sýndu lokaverkefni sín og dagskrá var í tengslum við dag íslenskrar tungu í umsjón íslenskukennara.

Mynd 5 – Frægðarhúdd í bílahúsi



Árið 2019 var frægðarhúdd afhjúpað í bílahúsi skólans að viðstöddum velunnurum, nemendum og starfsfólki. Á þessu húddi voru merki þeirra fyrirtækja sem hafa styrkt bíladeild skólans. Frægðarhúddið var leið skólans til að þakka fyrirtækjunum fyrir stuðninginn sem þau hafa sýnt í verki

Skólinn er í góðu samstarfi við ýmsa aðila tengdu iðnnáminu ekki síst í bíliðngreinum og eru fyrirtæki í þeim geira öflugur bakhjarl Borgarholtsskóla. Þar má nefna öll helstu bílaumboð, biffræðaverkstæði Reykjavíkur, Poulsen vegna bílamálunar og Sjóvá vegna bílavarahluta. Þá hafa nemendur tekið að sér ýmis skemmtileg, mikilvæg og menningarleg verkefni eins og að gera upp Jagúr Nóbelskáldsins Halldórs Kiljan Laxness fyrir safnið og gamlan lögreglubíl fyrir Lögregluminjasafnið. Þá tekur skólinn þátt í samstarfi framhaldsskóla við málmsmiðjur vegna náms í málm- og véltæknigreinum og samstarf er við Byko og Bosch vegna kennslu í pípulögnum.

Skólinn hefur verið í samstarfi við Menntaskólann í Tónlist (MÍT) og hafa nemendur í grafískri hönnun gert veggspjöld og kynningarefni fyrir tónleika og nemendur í kvikmyndagerð sáu um streymi frá tónleikunum. Þá hafa nemendur í kvikmyndagerð verið í samstarfi við Kukl og gott samstarf er milli listnáms og leikhúsanna og við listasöfn svo sem Þjóðleikhús, Borgarleikhús, Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn svo nokkur séu nefnd. Þá fara nemendur á félagsvirkni- og uppeldissviði í vettvangsnám og nemendur á sérnámsbraut fara í starfskynningar til fyrirtækja eftir óskum nemenda.

Afreksíþróttasvið skólans er í samstarfi við ÍSÍ um þjálfaramenntun og við Sjúkráþjálfun Styrks. Skólinn er með samning við Reykjavíkurborg og Fjölmi um notkun á íþróttamannvirkjum og samstarfssamningur er við íþróttfræðisvið Háskólans í Reykjavík. Þá er BHS með samstarf við Heilsugæsluna vegna þjónustu hjúkrunarfræðings og samning við Háskóla Íslands um menntun kennaranema. Samningur er við Kvíðameðferðamiðstöðina og Heilsuvernd. Hér hefur verið stiklað á stóru og upptalningin alls ekki tæmandi en samstarf BHS við önnur skólastig og atvinnulífið er umfangsmikið og uppfyllir stefnuskjal skólans ábyrga samfélagsþátttöku.

Alþjóðlegt samstarf

Borgarholtsskóli hefur sett sér stefnu um erlend samskipti sem birt er í gæðahandbók. Í stefnunni er lögð áhersla á að starfsfólk og nemendur hafi tækifæri til að víkka út sjóndeildarhringinn og komast til aukinnar hæfni, leikni, þekkingar og þroska með því að taka þátt í formlegu samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir erlendis. Þá er það stefna skólans að sem flestir nemendur fái, á skólagöngu sinni í Borgarholtsskóla, tækifæri til erlendra samskipta. Einkum er lögð áhersla á verkefni í Evrópu í gegnum menntaáætlanir Erasmus+ og Nordplus. BHS hefur hlotið vottun frá Erasmus+ en með vottuninni staðfestir Erasmus+ vandaða áætlun Borgarholtsskóla um fjölþjóðlegt starf sem hluta af stefnu skólans og starfsemi. Hluti af áætlun skólans er að bjóða nemendum að heimsækja skóla erlendis í styttri og lengri námsferðum og starfsmönnum býðst að fara í skólaheimsóknir og sækja námskeið erlendis. Þá taka kennarar og nemendur einnig þátt í ýmsum samstarfsverkefnum á vegur Erasmus+ og Nordplus. Vettvangsferðir erlendis eru einnig hluti af nokkrum sviðum og áföngum skólans. Skólinn hefur verkefnastjóra erlendra samskipta og er starfslýsing birt í gæðahandbók. Meðal verkefna sem skólinn hefur tekið þátt í síðustu misserin eru;

Erasmus+ verkefninu „*Wasser, Schatz der Natur*“ en verkefnið snýst um vatnið sem fjársjóð náttúrunnar. Nemendur og kennarar frá Ungverjalandi voru í Borgarholtsskóla í september 2022 og voru þá að endurgjalda heimsókn BHS frá árinu 2018 en Covid kom í veg fyrir að heimsóknin væri fyrr. Þá fóru þrír kennarar af leiklistarbraut í starfskynningu í skóla í Marsala á Sikiley júní 2022, tveir kennarar fóru á endurmenntunarnámskeið í Split í Króatíu á vordögum og þrír kennarar fóru í janúar 2022 og kynntust skólastarfi í Los Christianos á Tenerife. Í lok maí fór kennari skólans í „job shadowing“ prógramm í skóla í bænum Gioia del Colle á Ítalíu á vegum Erasmus+ og annar kennari fór í skólameimsókn til Rotterdam á sama tíma. Bókasafns- og upplýsingafræðingur skólans fór til Helsinkí í byrjun júní 2022 á vegum Erasmus+ ásamt bókasafnsfræðingum annarra framhaldsskóla og kynntu sér starfsemi bókasafna. Íþróttakennari fór til Noregs í starfskynningu í tvo skóla í Osló á vordögum.

Í maí 2022 fóru kennarar og nemendur til Ungverjalands til þátttöku í Erasmus+ verkefninu „*Creative project: Learning, Teaching, Training, Activity.*“ Auk íslendinga taka Ítalir, Spánverjar, Króatar, Þjóðverjar og Ungverjar þátt í verkefninu og voru verkefnin unnin út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um að útrýma misrétti. Þá fóru kennarar á sérnámsbraut með fjóra nemendur sérnámsbrautar í skólaheimsókn í Egmont hojskolen í Danmörku. Nemendur og kennarar bíliðngreina fóru í maí í heimsókn til Bruntál í Tékklandi og skoðuðu skóla, bílaverksmiðju og bílasöfn. Kennari í kvikmyndagerð sótti málþingið „*Film and Audiovisual Law Conference*“ í Portúgal. Hópur frá BHS fór til Los Cristianos í apríl og tóku þátt í „CreActive“ á vegum Erasmus+ ásamt skólum frá Ítalíu, Spáni, Króatíu, Þýskalandi og Ungverjalandi. Skólarnir höfðu áður hist á Íslandi en unnið er með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna m.a. markmiði fimm sem snýr að jafnrétti kynjanna og að völd allra kvenna og stúlkna verði elfd. Þá fékk BHS heimsókn frá Hollandi en Borgarholtsskóli hefur verið í samvinnu við nokkra skóla í landinu undanfarin ár og sá nýjasti er Zadkine í Rotterdam með 20.000 nemendur og 180 námsbrautir.

Að ofangreindu má sjá að Borgarholtsskóli stendur vel undir markmiði sínu um að leggja áherslu á erlent samstarf jafnt fyrir nemendur sem kennara. Samstarfsverkefnin ná til allra sviða skólans og eru fjölbreytt. Nemendur og starfsfólk skólans sem hafa áhuga á að taka þátt í erlendu samstarfi eru hvött til að sækja um þátttöku á vef skólans.

Styrkleikar

- Skólabragur byggir á einkunnarorðum, grunngildum og Stefnuskrá BHS
- Skólabragur byggir á persónulegu og notalegu viðmóti, væntumþykju og náungakærleik
- Nemendahópurinn er fjölbreyttur og allir eiga sína rödd og geta verið eins og þeim líður best
- Nemendum eru ánægðir í skólanum, vel er að þeim búið og telja BHS skemmtilegan og góðan skóla
- Lýðræði, lýðræðisfundur og jákvæð samskipti nemenda og starfsfólks
- Virðing og umhyggja í skólastarfinu
- Góður vinnustaður, gott samstarf, jákvæðni og virðing
- Starfsmannastefna, samskiptasamningur og samskiptasólin
- Samskipti og samstarf í skólastofunni gott, aðstaða nemenda góð og þjónusta skólans öflug
- Auðvelt fyrir nemendur og forsjáraðila að fylgjast með námsstöðu nemenda eftir Vörðuvikur
- Vel skilgreint félagslíf með virku félagslífs- og forvarnarteymi og gátlistum í gæðahandbók
- Skólinn styður vel við félagslíf nemenda
- Góð tengsl við framhaldsskóla og grunnskóla innan og utan svæðis
- Ábyrg samfélagsþátttaka og mikil tengsl við atvinnulífið og samfélagið utan skólans
- Öflugt erlent samstarf og verkefnastjóri erlendra samskipta
- Verklagsreglur og gátlistar um viðburði nemendafélags í gæðahandbók

Tækifæri til umbóta

- Skoða þarf líðan nemenda í skólanum
- Vinna með niðurstöður úr Stofnun ársins
- Tengja saman starfsmannahópa af báðum kaffistofum
- Koma foreldraráði aftur í meiri virkni
- Setja aukinn kraft í félagslíf skólans


Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Húsnæði og aðstaða í Borgarholtsskóla

Í ársskýrslu Borgarholtsskóla fyrir árið 2020 kemur fram að húsnæðið skólans er um 10.040 fermetra að gólfleti og er í eigu Fasteigna ríkisjódís. Mikil birta og gott rými einkenna skólahúsið og skapar það hlýlega og jákvæða umgjörð um skólastarfið. Hátt er til loftis í holi skólans og listaverk prýða veggja og ganga. Skólinn er með bóknámshús, málmskála og bílaskála en auk þess eru allar íþróttir kenndar í Egilshöll með samkomulagi við Reykjavíkurborg og Íþróttafélagið Fjölni og þar fer fram starfsemi afreksíþróttasviðs skólans.

Mynd 6. Grunnmynd af Borgarholtsskóla




Aðalinngangur skólans er að norðanverðu og hægra megin þegar komið er inn er rúmgóður, bjartur og vistlegur matsalur nemenda, aðskilin frá matsal kennara. Á annarri hæð eru skrifstofur og starfsmannastofa aðstaða starfsfólks og á þriðju hæð er bókasafn skólans og námsver. Í inngangi er aðgengi að læstum skápum fyrir útískó nemenda. Vinstra megin við inngang er bóknámshús skólans en auk bóknáms, fer þar fram kennsla í listgreinum. Þar er staðsett nútímakennslustofa (FabLab) til kennslu í frumkvöðlafræði og nýsköpun. Lyftur eru í bóknámshúsi þannig að aðgengi fyrir fatlaða er gott.

Við enda bóknámshússins er tengibygging þar sem gengið er til vinstri inn í bílahús og málmskál. Þröngt er um nemendur í verknámshúsum og jafnvel það þröngt að spurning er hvort hægt sé að uppfylla öryggiskröfur innan um bílalyftur, rennibekki og önnur tæki. Nemendafélag skólans er með aðstöðu í bóknámshúsinu. Í skólanum er fyrirlestrarsalur sem hægt er að skipta í tvennt. Hins vegar er ekki eiginlegt svið þar sem hægt er að setja upp viðburði á vegum nemendafélags eða nota vegna heimsóknna og

aðkeypra viðburða. Gangar skólans eru rúm. Aðkoman að Borgarholtsskóla er góð og þar eru fjöldi bílastæða. Rafhleðslustöðvar eru fyrir fjóra rafbíla auk þess rafhleðslustöð fyrir rafbíla skólans sem eru tveir. Strætó er með biðskýli við Borgarholtsskóla, og skólinn er vel staðsettur miðað við leiðakerfi Strætó. Skýli eru fyrir reiðhjól.

Mynd 7. Klefi fyrir bílamálun



Í samtali við rýnihóp annars starfsfólks kom fram að viðhald fasteigna sé gott og unnið í samstarfi við Fasteignir ríkisins. Framundan sé led væðing lýsingar og viðhald húsganga sé í góðu lagi. Aftur á móti er bent á að tækin í verknáminu eru flest orðin 25 ára gömul og að öryggissjónarmið, tæknibreytingar og kröfur atvinnulífs styðji endurnýjun tækjabúnaðar fyrir verknámið. Nefnt er að upphitaður klefi fyrir bílamálun gangi fyrir olíu sem sé ekki umhverfisvænt.

Mikill áhugi er fyrir nýjungum og þróun og að taka upp gagnvirkt efni sem sé í raun bíll og búnaður sem búi til bilanir. Þá nefndu sviðstjórar í verknámi að allur kostnaður vegna aðfanga fari hækkandi.

Mynd 8. Vörumóttaka vegna verknáms



Fjórar stórar innkeyrsluhurðir eru fyrir bíl- og málmiðnir Borgarholtsskóla. Hins vegar benda sviðstjórar á að húsnæðið sé ekki lengur hentugt fyrir nám t.d., í bíliðnum sérstaklega vegna örra tæknibreytinga í greininni síðustu ár, áherslu á orkuskipti og fjölgun bifreiða sem ganga fyrir rafmagni. Flest tæki og tól til kennslu gera ráð fyrir því að bifreiðar nútímans gangi fyrir jarðefna eldsneyti. Auk þess sem öryggissjónarmið kalla á

endurnýjun tækjabúnaðar innan málmiðna.


Mynd 9. Úr kennslustofu á listasviði



Í rýnihópi nemenda kom fram að aðstaða til náms á listasviði væri ágæt, hvort sem um er að ræða kvikmyndagerð, ljósmyndun eða sviðslistir. Hins vegar benti stjórn nemendafélagsins á að aðstaða til leiksýninga mætti vera betri, þar sem leita þarf út fyrir skólann með leiksýningar. Rýnihópur sviðsstjóra benti á að vinnuaðstaða til listnáms þyrfti meira pláss bæði fyrir sviðslistir og fyrir kvikmyndagerð. Í listnáminu væri verið að reyna að búa til

verkstæðisanda í hefðbundnum skólastofum. Sérnámsbraut býr við góðan aðbúnað að sögn sviðsstjóra, tölvur og tæki fyrir sérnámið er með ágætum og hljóðfæri til tónlistarkennslu einnig en efniskostnaður er ekki mikill á sviðinu.

Mynd 10. Þrep með grunngildi Borgarholtsskóla



Grunngildi Borgarholtsskóla eru fimm. Þau eru náungakærleikur, sköpun, sjálfsagi, framsækni og jafnrétti. Öllum þessum gildum vill skólinn halda á lofti og vinna eftir þeim alla daga eins og fram kemur á vefssvæði skólans. Hér er eitt af grunngildum skólans málað í tröppur sem nemendur og starfólk ganga um á hverjum degi. Rýnihópar nemenda voru meðvitaðir um gildi skólans. Þó svo að þeir hafi ekki alveg munað eftir þeim þegar viðtölin fóru fram, þá þurfti bara að nefna eitt til tvö gildi til að hin gildin kæmu hjá nemendum. Því má segja að nemendur hafi öll þessi gildi, eins og sköpun, fyrir augunum á hverjum degi, starfi eftir þeim og haldi þeim á lofti. Þá eru gildin á stórum vegg í anddyri og á plakötum á göngum og í kennslustofum.

Mynd 11. Vinnuaðstaða nemenda í alrými



Fram kom hjá rýnihópum sviðsstjóra og nemenda að vinnuaðstaða nemenda væri almennt góð en kvartað var yfir að erfitt væri að sitja lengi á trébekkjum í alrýmum og göngum en þeir eru vissulega ekki staðsettir í öllum rýmum. Námsver nemenda er í velbúnu bókasafni skólans þar sem nemendur hafa aðgang að flestum námsgögnum sem þeir þurfa. Auka þarf rými fyrir hópvinna á bókasafni, að mati forstöðumanns bókasafns, sem ekki truflar aðra

vinnu sem þar fer fram. Vinnuaðstaða kennara er hefðbundin í sérstöku rými þar sem allir hafa sitt vinnuborð og skilveggir greina að vinnusvæði. Þar sem staðsetning borða þótti misgóð var farin sú leið að kennarar draga um vinnuborð við upphaf skólaárs en þessi aðgerð hefur lagst misvel í kennara.

Fjallað er um húsnæði og aðbúnað í viðhorfskönnunum meðal starfsfólks á vorönn 2022 og þar kemur fram að 85% þátttakenda segjast hafa aðgang að þeim tækjabúnaði sem þeir þurfa til að sinna starfi sínu, 66% þátttakenda segja að húsnæði skólans sé heilsusamlegt og 76% segjast hafa góða vinnuaðstöðu í skólanum. Í viðhorfskönnunum meðal nemenda haustið 2022 segja 82% nýnema og 77% eldri nema að aðstaða og búnaður í skólanum sé góður.

Í máli skólameistara kom fram að vegna aukinnar aðsóknar í list- og starfsnám hafi skólinn óskað eftir viðræðum við mennta- og barnamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg um hvernig koma megi til móts við breyttar aðstæður í námi og kennslu hvað þetta varðar. Tilbúin sé lóð fyrir þriðja verknámshúsið og það sé orðið mjög aðkallandi að fá aukið húsnæði til kennslu í þessum greinum.

Styrkleikar

- Bjart, snyrtilegt og aðlaðandi húsnæði
- Kennslustofur bóknáms vel búnar
- Vel hugað að viðhaldi á húsnæði skólans
- Tækjabúnaður til kennslu í bóknámi er góður
- Gott mötuneyti fyrir nemendur og kennara
- Gott og vel útbúið bókasafn með námsveri
- Nútímastofa til kennslu í frumkvöðlafræði og nýsköpun
- Aðstaða nemendafélags er góð
- Vel búin kennarastofa og nýlega endurnýjuð kaffistofa í verknámi
- Grunnildi skólans eru sýnileg á veggjum og stigum innan skólans
- Rafbifreiðar í eigu skólans til notkunar fyrir verkefni skólans
- Hugbúnaður og tölvukostur í stöðugri endurnýjun
- Aðstaða sérnámsbrautar

Tækifæri til umbóta

- Byggja nýtt verknámshús við skólann sökum skorts á kennslurými
- Auka þarf kennslurými nemenda í bíliðnum, málmíðnum, pípulögnum og listnámi
- Endurnýja tækjabúnað til kennslu í verknámi
- Endurnýja trébekki í alrýmum nemenda
- Hópvinnustofur fyrir nemendur
- Vinna umbótaáætlun meðal starfsfólks um húsnæðið

Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Námsárangur

Mat á árangri í skólastarfi má meðal annars mæla með tölulegum mælikvörðum svo sem námsárangri, útskriftarhlutfalli, mætingu og brotthvarfi. Borgarholtsskóli vinnur samkvæmt því markmiði stjórnvalda að bjóða gæðamenntun fyrir alla nemendur sína. Nemendafjöldi í skólanum var mestur haustið 2020 eða 1117 nemendur, en minnstur á vorönn 2022 eða 928 nemendur. Hér munar alls 189 nemendum. Tafla fjögur ber það með sér að aðsókn að skólanum er nokkuð jöfn frá árinu 2018 til ársins 2022. Námsframboð er fjölbreytt og nemendur sækja nám á 28 námsbrautum. Flestir nemendur koma úr Grafarvogi og Mosfellsbæ en nemendur skólans koma víðs vegar af að landinu þó meirihluti þeirra sé af höfuðborgarsvæðinu. Í tölulegum upplýsingum og ársskýrslum skólans undangengin ár má sjá að árið 2021 voru kenndir 279 áfangar í dagskóla og fjöldi nemendahópa var 528 á vorönn 2021 og á haustönn voru kenndir 280 áfangar í dagskóla og voru nemendahópar 548. Kennsla í áföngum var ekki öll bundin við kennslustofuna heldur fór fram utan skólans og með erlendum samskiptum. Flestir eru nemendur á iðn- og starfsnámssviði eða 673 á haustönn 2021 og brautskráðir nemendur á árinu 2021 voru 322 samtals að vori og hausti, en flestir útskrifuðust af iðnnámsbrautum eða 140. Mikill uppgangur hefur verið í iðnnámi skólans og samhliða því hefur hlutfall kynjanna tekið að breytast og þau tímamót urðu í sögu skólans að á árinu 2020 útskrifuðust úr bílamálun 9 karlar og 12 konur. Alls hafa brautskráðst 1617 nemendur frá BHS frá árinu 2018 og er meðalnámstími við brautskráningu vorið 2022 7,1 önn. Brotthvarf nemenda á tímabilinu 2018 til 2022 er minnst vorið 2021 eða 2,5% og mest vorið 2022 eða 8,7%. Þá er viðvera nemenda á vorönn 2022 65,4% og óútskýrt fjarvera 18% á sömu önn en á haustönn sama ár var viðvera 73,3% og óútskýrð fjarvera 10,2%.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta eru læsi, tjáning og samskipti, sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sjálfbærni (2011). Samkvæmt skólanámskrá BHS er leitast við að tvinna grunnþætti menntunar inn í allar námsgreinar. Skólinn metur það svo að nemendur hafi tileinkað sér grunnþætti menntunar í námi sínu og umhverfi innan skólans. Í Stefnuskra BHS og grunnildum skólans endurspeglast grunnþættir náms enda oft samhljómur þar á milli. Þá hefur skólinn sett sér stefnur og áætlanir í einstökum málum/málaflokkum s.s. áætlun gegn einelti, áætlun geng kynferðislegri áreitni og ofbeldi (EKKO), jafnréttisáætlun, áætlun um meðferð vímuefnamála, móttökuáætlun, rýmingaráætlun, viðbragðsáætlun, og áætlun um viðbrögð við áföllum. Auk þess vinnur Borgarholtsskóli eftir ákveðinni forvarnarstefnu, stefnum varðandi heilsueflandi framhaldsskóla,

jafnréttisstefnu, launastefnu, loftlagsstefnu, persónuverndarstefnu, starfsmannastefnu og umhverfisstefnu. Þessar stefnur og áætlanir styðja allar við grunnþætti menntunar og undirstrika vilja skólans til að vinna í anda þeirra. Sérstaklega má nefna jafnrétti sem er eitt af grunngildum skólans en starfandi er jafnréttisnefnd og unnið er eftir aðgerðabundinni jafnréttisáætlun sem meðal annars felur í sér jafnréttisdag 8. mars á Alþjóða baráttudegi kvenna með fræðsluerindum og viðburðum tengdum jafnréttismálum. Þá er skólinn Heilsueflandi framhaldsskóli og hefur skólinn unnið bæði gull og silfur í öllum flokkum verkefnisins, starfandi er stýrihópur og haldin er árleg heilsuvika. Þá hafa nemendur og starfsfólk BHS alls níu sinnum unnið Lífshlaupið og skólinn er handhafi Gulleplisins sem er viðurkenning fyrir framúrskarandi starf og árangur í heilsuefningu. Einnig má nefna samskiptareglur skólans sem eru hluti af starfsmannastefnu, svo nokkuð sé nefnt.

Í rýnihópum kennara, sviðstjóra, nemenda og stjórnenda skólans kom fram að unnið er með grunnþætti náms í flestum ef ekki öllum námsgreinum. Samkvæmt stjórnendum og kennurum í rýnihópum þá er í öllum kennslugreinum í skólanámskrá leitast við að tvinna grunnþætti menntunar inn í námið og það er einnig gert í skólastarfinu almennt m.a. í félagslífi nemenda. Þá er ljóst að sumir grunnþáttanna falla beint að sumum námsbrautanna. Þar má nefna verk- og listnámsbrautir sem byggja á skapandi framlagi og hljóta jafnframt að taka mið af sjálfbærni og meðvitund fyrir umhverfi og umhverfismálum. Þá er í boði afreksíþróttabraut fyrir nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með námi í skólanum. Í vettvangsheimsókn í Borgarholtsskóla bar samtalið við nemendur með sér ríkan skilning á sjálfbærni og meðvitund um umhverfi sitt. Í gegnum starf nemendafélags skólans kom fram áhersla á lýðræði, jafnrétti og að nemendur gætu verið þeir sjálfir. Í því samhengi hafa nemendur tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti. Það er hins vegar ljóst að menntamálayfirvöld hafa ekki sett neinn mælikvarða á grunnþætti náms og því getur verið erfitt að skilgreina að hve miklu leyti þeir endurspeglast í öllu skólastarfi. Rík réttlætiskennd einkennir skólastarfið í heild.

Langtímaárangur

Borgarholtsskóli hefur ekki gert kannanir á námsgengi brautskráðra nemenda frá skólanum eða kannað afdrif þeirra í frekara námi eða atvinnu og ekki gert könnun á viðhorfum nemenda til þess hvernig námið hefur nýst þeim. Því er ómögulegt að segja eitthvað til um langtímaárangur í þeim efnum en gera þyrfti reglulega könnun hjá útskrifuðum nemendum eða nýta gögn Hagstofu Íslands. Vitað er að nemendur Borgarholtsskóla nýta sér menntun sína til að sækja í frekara nám og til afreka á vinnumarkaði þó ekki liggi fyrir tölur þess efnis.

Af vettvangsheimsókn í skólann má sjá að stjórnendur, starfsfólk, nemendur og kennarar eru vakandi fyrir samfélagslegri þróun, breyttum áherslum, kröfum og aðstæðum í íslensku samfélagi. Hins vegar eru tækninýjungar örar í iðn- og starfsnámi og mikilvægt að skólanum sé gert kleift að uppfæra búnað og kennsluaðstæður til samræmis við það eins og hugur starfsmanna stendur til og þarfir atvinnulífs gera kröfu um. Námsframboð skólans er fjölbreytt á ólíkum sviðum með styttri og lengri námsbrautum bæði í bóknámi og verknámi og mætir þörfum stórs hóps nemenda.

Styrkleikar

- Fjöldi nemenda sem útskrifast úr iðnnámi
- Mikið framboð námsáfangna
- Stefna og grunngildi skólans eru samtvinnuð grunnþáttum náms.
- Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi í skólastarfinu: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi
- Grunnþættirnir jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun eru áhersluatriði í skólastarfinu
- Markmið í stefnumiðaðri áætlun fyrir árin 2023-2025
- Nemendur útskrifast af mörgum mismunandi námsbrautum
- Mikill áhugi er innan skólans fyrir nýbreytni og framþróun

Tækifæri til umbóta

- Finna leiðir til að auka mætingu nemenda í skólann
- Vinna að því að draga úr brotthvarfi
- Kanna með reglubundnum hætti námsgengi brautskráðra nemenda

Heimildir og tilvísanir

- Gögn frá Borgarholtsskóla send matsaðilum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði Borgarholtsskóla – <https://www.bhs.is/> gömul og ný útgáfa
- Árskýrslur Borgarholtsskóla 2018 til 2022
- Stefnumiðuð áætlun fyrir Borgarholtsskóla til a.m.k. þriggja ára frá 2023 til 2025
- Sjálfsmatskýrslur Borgarholtsskóla 2018 til 2022
- Viðtöl við skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra, formann skólanefndar og fulltrúa foreldraráðs.
- Rýnihópar; sviðsstjóra, fagstjóra, brautarstjóra og deildarstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, náms- og starfsráðgjafa, gæðaráð og gæðastjóra og stjórnar nemendafélags.
- Skólanámskrá